FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

# SIGRAÐU ÞIG

19. ÁGÚST 2017

REYKJAVÍKUR
MARAÞON
ÍSLANDSBANKA



SIGRAÐU ÞIG
... og skráðu þig í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka á marathon.is

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

142. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 19. JÚNÍ 2017



Lýst hefur verið yfir þriggja daga þjóðarsorg í Portúgal vegna þess að í það minnsta 62 létu lífið í skógareldum þar í gær. Börn voru meðal hinna látnu. Margir brunnu inni í bílum sínum þegar þeir reyndu að flýja af hættusvæðinu. Óttast er að tala látinna komi til með að hækka. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Stórsigur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Negldu sig á EM

**SPORT** Íslenska karlalandsliðið í handbolta tryggði sér sæti á EM 2018 í Króatíu með stórsigri á Úkraínu í gærkvöld. Liðið fer því á tíunda Evrópumótið í röð. – **iþs** / **sjá Sport**

## Ráðherra felur LEX dómaramál

**DÓMSMÁL** Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra hefur falið LEX lögmannsstofu að verja ríkið í Landsréttarmáli Ástráðs Haraldssonar.

Sigríður starfaði hjá LEX frá 2007 til 2015 er hún tók sæti á Alþingi.

Ástráður telur fram hjá sér gengið við skipan dómara í Landsrétt.

Hefð er fyrir því að ríkislögmaður reki mál sem þessi fyrir hönd ríkisins. Í þessu tilfelli er ríkislögmaður þó vanhæfur sökum tengsla við Ástráð og þess að starfsmenn hjá embættinu voru í hópi umsækjenda um stöðu Landsréttardómara. – **sg**

# Skýri tuttugu milljóna bónus í Framtakssjóði

**Gildi – lífeyrissjóður vill skýringar á 20 milljóna bónus framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands. Gildi er þriðji stærsti hluthafinn en vissi ekki af málinu.**

**VIÐSKIPTI** Gildi – lífeyrissjóður óskar skýringa frá stjórn Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) á tuttugu milljóna króna bónusgreiðslu sem Herdís Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóri FSÍ, fékk frá sjóðnum í fyrra. Gildi var ókunnugt um umrædda greiðslu, að sögn Árna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Gildis.

Gildi er þriðji stærsti hluthafi Framtakssjóðsins með 16,5 prósenta hlut.

Guðrún Hafsteinsdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna stærsta hluthafa Framtakssjóðsins með 19,9 prósenta hlut, segist ekki þekkja efni samnings FSÍ við Herdísi. Hún hafi fyrst frétt af greiðslunni í fjölmiðlum. Stjórn lífeyrissjóðsins komi saman í vikunni og þar beri málið örugglega á góma.

Eins og greint var frá í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins, í síðustu viku var greiðslan til Herdísar hluti af uppgjöri á samningi sem Framtakssjóðurinn gerði við hana árið 2013. Á þeim tíma sat enginn frá lífeyrissjóðunum í stjórn FSÍ.



**Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis – lífeyrissjóðs**



**Guðrún Hafsteinsdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna**

„Það var gerður samningur við hana árið 2013 um að ef hún yrði áfram starfandi hjá sjóðnum árið 2016, þá kæmi til þessarar aukagreiðslu sem yrði gerð upp 2016,“ sagði Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður FSÍ. Markmiðið hefði verið að hvetja hana til þess að starfa áfram hjá sjóðnum.

Þess má geta að greiðslan sem Herdís fékk hefði ekki verið heimil samkvæmt lögum sem gilda um kaupaukagreiðslur til starfsmanna fjármálafyrirtækja. Samkvæmt þeim mega kaupaukar ekki vera hærri en 25 prósent af árslaunum starfsmanns. Framtakssjóðurinn er hins vegar ekki fjármálafyrirtæki í skilningi laganna.

Samkvæmt ársreikningi Framtakssjóðsins fékk Herdís 48,5 milljónir króna í laun og hlunnindi í fyrra. Hækkaði greiðslan um 78 prósent, eða sem nemur umræddri aukagreiðslu, á milli ára. Til samanburðar námu árslaun Árna hjá Gildi um 28 milljónum og þá fékk Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR stærsta lífeyrissjóðs landsins, samtals 26 milljónir í laun á árinu 2016.

Herdís var ráðin framkvæmdastjóri sjóðsins í mars árið 2014 en áður hafði hún starfað þar sem fjárfestingastjóri frá 2010.

Framtakssjóðurinn er í eigu sextán lífeyrissjóða auk Landsbankans og tryggingafélagsins VÍS.

Ekki náðist í Herdísi við vinnslu fréttarinnar. – **kij**

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Fjögurra er enn saknað eftir flóðbylgju á Grænlandi. **8**

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um stigmögnun stríðsaðgerða. **13**

**LÍFIÐ** Skam-hópur fyrir fullorðna heldur ansi metnaðarfullt partí með aldurslágmarki. **22**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðlæg átt í dag og léttir til, en lengst af þungbúið og dálítil væta NA-til. Kólnandi N-lands, annars fremur milt og hlýjast 18 stig S-lands. SJÁ SÍÐU 18



**Theresa May, forsætisráðherra Bretlands.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fimmfalt fleiri Bretar vilja nú verða Þjóðverjar

**BRETLAND** Um 360 prósent fleiri Bretar sóttu um þýskan ríkisborgararétt í fyrra en árið áður samkvæmt tölum frá þýsku hagstofunni.

Business Insider greinir frá því að líklega skýrist þetta af yfirvofandi útgöngu Breta úr Evrópusambandinu og því að þessi hópur óttist að missa atvinnuleyfi innan Evrópusambandsins í kjölfarið.

Árið 2016 fengu 2.865 Bretar þýskan ríkisborgararétt. Samtals fengu 110 þúsund manns ríkisborgararétt á síðasta ári og jókst fjöldinn frá Bretlandi langmest. Flestir sem fengu ríkisborgararétt voru frá Tyrklandi, eða 16.290.

Ný könnun sýnir að meirihluti Breta, eða 69 prósent, sé mótfallinn svokölluðum „hörðum Brexit“ samningum sem myndu fela í sér verulega takmörkun á innflytjendum frá Evrópusambandinu til Bretlands og líklega takmarkaðan aðgang Breta að innri markaði Evrópusambandsins. Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, aðhyllist slíka samninga. **– sg**

**Alls fengu 110 þúsund manns ríkisborgararétt í Þýskalandi í fyrra, þar af 16.290 Tyrkir en fjöldinn frá Bretlandi jókst langmest.**

# Risa dabb í Hörpu




**Útskriftarnemar frá Háskólanum í Reykjavík tóku þátt í hátíðarræðu dagsins með því að leika tákn sem ræðumaðurinn Vignir Guðmundsson, MSc í tölvunarfræði, vék að í ávarpi sínu. Aldrei hafa fleiri útskrifast úr HR í einu því 648 nemendur kvöddu skólann á laugardag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Enn tilefni til að fagna deginum

**JAFNRÉTTISMÁL** „Það er langt í land með ofbeldismál gegn konum og það eru enn að koma fréttir um að konur hafi ekki aðgang að stjórnendastöðum í atvinnulífinu og að kvótaaðgerðir sem hafa verið settar á hafi ekki skilað því sem við vildum sjá,“ þetta segir Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands.

Kvenréttindadeginum er fagnað í dag. 102 ár eru síðan konur á Íslandi, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Samkoma er á Hallveigarstöðum. **– sg**



**Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Ísland**

# Styttri Íslendingasögur frá Hannesi Hólmsteini

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, hellir sér út í ferðamannabransann og sendir frá sér þrjár Íslendingasögur á ensku. Helsta vandann við Íslendingasögur segir Hannes vera að þær séu of langar með of mörgum ættartölum.

**MENNING** „Þetta er eitthvað sem ég geri í tómstundum og finnst mjög gaman,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hannes hefur þýtt þrjár Íslendingasögur yfir á ensku. Þær eru Laxdæla, Egils saga og Njáls saga. Bókin Elves and Hidden People: Twelve Icelandic Folktales er síðan samtíningur úr þjóðsögum.

Hannes segir að Laxdæla heiti The saga of Gudrun á ensku enda sé Guðrún Ósvífursdóttir aðalsögupersónan.

„Ég er með þá kenningu að Laxdæla sé fórnarlamb karlaveldisins. Íslendingasögurnar heita alltaf eftir einhverjum köllum eða stöðum og ég tel til dæmis að Grænlendinga saga eigi að heita Guðríðar saga Þorbjarnardóttur,“ segir Hannes en hann er búinn að lesa Íslendingasögurnar margoft í vinnu sinni.

„Íslendingasögurnar eru svo heillandi viðfangsefni. Að draga sögurnar saman í rökréttan söguþráð og vera með þau atriði sem skipta raunverulegu máli fyrir söguþráðinn,“ segir Hannes. Vandinn sé sá að sögurnar séu of langar og með of mörgum ættartölum.

„Bækurnar mínar eru fyrir þá sem vilja lesa sögurnar og vita um hvað þær snúast. Ef ég ákveð að skrifa eina bók í viðbót, því það er mikil vinna þó bækurnar séu stuttar, þá þarf að marglesa allar Íslendingasögurnar aftur og aftur, þá myndi ég skrifa Guðríðar sögu Þorbjarnardóttur upp úr Grænlendinga sögu og Eiríks sögu rauða.“



**Hannes Hólmsteinn Gissurarson tekur þátt í ferðamannagleðinni og fræðir þá um Íslendingasögurnar í stuttum og hnitmiðuðum bókum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Ég er með þá kenningu að Laxdæla sé fórnarlamb karlaveldisins.**

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands

Allar myndir eru eftir Jón Hámund og bækurnar eru gefnar út af Íslenska bókafélaginu

„Vinir mínir frá útlöndum, erlendir fræðimenn, verða margir mjög hissa þegar ég segi þeim að ég hafi skrifað bók á ensku sem heiti Elves and hidden people. Þeim finnst það dularfullt og horfa svolítið skringilega á mig,“ segir Hannes. „Brennu-Njáls saga var erfiðust í samningu því hún er svo flókin og margræð, hinar voru auðveldari en allar skemmtilegar.“

benediktboas@365.is








KEÐJUSAGIR í miklu úrvali

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500

Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555

Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun: www.thor.is




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Útlit fyrir stórsigur nýs flokks Macrons

**FRAKKLAND** Flokkur Emmanuels Macron Frakklandsforseta, La République en marche, nær hreinum meirihluta á franska þinginu samkvæmt útgönguspám sem birtar voru þegar kjörstöðum var lokað í gær.

Seinni umferð þingkosninganna fór fram í gær. Flokkur Macrons og stuðningsflokkar virðast ná samtals milli 355 og 360 mönnum af 577 inn á þing samkvæmt útgönguspá. Af þessum 355 nær La République en marche 311 þingmönnum.

**311**

**þingmenn fær flokkur Macrons samkvæmt útgönguspám.**

Sigur flokksins er nokkuð minni en sumar skoðanakannanir bentu til í aðdraganda kosninganna. Svo virðist sem kosningaþátttaka hafi verið dræm, um eftirmiðdaginn mældist hún einungis 35 prósent.

La République en marche var stofnaður fyrir tæpu ári og hefur um helmingur frambjóðenda enga reynslu af stjórnmálum. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að færu kosningarnar eins og útgönguspár benda til muni Macron öðlast völd sem eru langt umfram það sem forsetar Frakklands hafa áður séð. – sg



**Macron greiddi atkvæði í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Fórnarlamba hryðjuverks í Stokkhólmi minnst.** NORDICPHOTOS/AFP

## Öfgamenn fleiri í Svíþjóð en fyrr

**SVÍÞJÓÐ** Þúsundir róttækra íslamista dvelja nú í Svíþjóð, að mati sænsku öryggislögreglunnar. Yfirmaður öryggislögreglunnar, Anders Thornberg, segir í viðtali við TT-fréttaveituna að menn hafi aldrei áður metið fjöldann svo mikinn.

Árið 2010 voru íslamskir öfgamenn um 200, að mati öryggislögreglunnar. Thornberg segir í viðtalinu að þeim hafi fjölgað úr hundruðum í þúsundir. – ibs

## Gagnrýna sölu njósnabúnaðar

**DANMÖRK** Mannréttindasamtökin Amnesty International gagnrýna harðlega að dönsk yfirvöld hafi gefið leyfi fyrir sölu á tæknibúnaði til Sádi-Arabíu, Óman og Katar sem gerir viðkomandi yfirvöldum kleift að njósna um heilar þjóðir á netinu, að mati sérfræðings við Berkeley-háskólann í Bandaríkjunum.

Fyrrverandi starfsmaður fyrirtækisins sem seldi búnaðinn staðfestir þetta mat bandaríska sérfræðingsins í viðtali við danska blaðið Information.

Evrópusambandið hefur sett reglur sem eiga að koma í veg fyrir að evrópsk tækni verði notuð til að kúga fólk í einræðisríkjum. – ibs

# Sjö bílar fluttir til Íslands með fölsuðum upprunavottorðum

Bifreiðar voru fluttar inn á fölsuðum upprunavottorðum og menguðu töluvert meira en leyfi er fyrir á Evrópska efnahagssvæðinu. Samgöngustofa vinnur í málinu, óvíst er hvort bifreiðarnar verði sendar úr landi.

**SAMGÖNGUR** Nýlega kom upp dæmi um innflutning á sjö bifreiðum sem voru skráðar hér á landi með fölsuð upprunavottorð. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru bifreiðarnar með Euro VI staðla uppgefna í upprunavottorðum en það stemmdi ekki við kerfi framleiðandans. Bílarnir menguðu því töluvert meira en leyfi er fyrir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fölsunin kom í ljós eftir að kaupandi slíkrar bifreiðar leitaði til viðkomandi bifreiðaumboðs til að fá staðfesta ábyrgð á bílnum. Þar skýrðist að bifreiðin uppfyllti ekki Euro VI staðla sem er skylda fyrir alla bíla sem skráðir eru nýir innan Evrópska efnahagssvæðisins og á því einnig við hér á landi. Bílar sem uppfylla Euro VI staðlana menga minna en bílar af eldri gerðum.

Þar sem bifreiðin var ekki framleidd til notkunar á Evrópska efnahagssvæðinu eru ýmis önnur frávik. Til dæmis notar bifreiðin kælivökva sem uppfyllir ekki reglugerðir, hún er aðeins búin einum öryggisloftpúða í stað sex, sem er staðalbúnaður bifreiðarinnar hér á landi.

Þá staðfestir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, að bíllinn sé ekki í ábyrgð hjá viðkomandi umboði, enda sé hann smíðaður fyrir annað markaðssvæði en Evrópu.

„Framleiðendur ábyrgjast að öllu jöfnu ekki bifreiðar sem eru smíðaðar fyrir aðrar heimsálfur. Því er ábyrgðin alltaf í höndum bíleigandans sjálfs,“ segir Özur. Við eftirgrennslan viðkomandi bílaumboðs hafi komið í ljós að ekki sé gefið út upprunavottorð fyrir þann markað sem bílinn var framleiddur fyrir.



**Innfluttir bílar við Sundahöfn. Myndin er ekki af bíltegundunum sem málið snýr að.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Bifreiðar, framleiddar fyrir Rússlandsmarkað eins og í þessu tilviki, eru með miklu minni öryggisbúnað og án mengunarbúnaðar sem gerð er krafa um.**



Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins

„Þannig að það átti í raun ekki að vera til. Í framhaldi var það svo staðfest af framleiðanda viðkomandi bifreiðar að um fölsuð vottorð var að ræða.“

Özur segir að herða ætti eftirlit með grunsamlegum skírteinum.

„Samgöngustofa á að leita til framleiðanda með staðfestingu á að viðkomandi bifreiðar uppfylli með réttu þau skilyrði og lög sem hér eru í gildi. Bifreiðar, framleiddar fyrir Rússlandsmarkað eins og í þessu tilviki, eru með miklu minni öryggisbúnað og án mengunarbúnaðar sem gerð er krafa um í Evrópu, og eru að sjálfsögðu ódýrari en um leið uppfylla þær ekki lögin sem við fylgjum,“ segir Özur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Samgöngustofa svarað fyrirspurn Bílgreinasambandsins. Nýjum beiðnum um forskráningu þessarar gerðar bifreiða verður hafnað. Ef minnsti grunur leikur á því að gögn séu fölsuð þá mun Samgöngustofa í framtíðinni leita til þeirra sem eru umboðsaðilar viðkomandi ökutækja hér á landi.

Samgöngustofa er að vinna að máli varðandi þær sjö bifreiðar sem þegar hafa verið skráðar og mun hafa samband við eigendur bifreiðanna sem eiga í hlut. Ekki er á þessu stigi ljóst hverjar afleiðingarnar verða enda hefur sambærilegt mál ekki komið upp hjá Samgöngustofu. Upplýsingum um þetta mál verður komið áfram á skráningaryfirvöld í Evrópu.

**saeunn@frettabladid.is**



得

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

5 FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU




Outlander Sport PHEV 4x4
**3.990.000**
Verðlistaverð: 4.590.000




Outlander Arctic PHEV 4x4
**4.490.000**
Verðlistaverð: 4.990.000




Outlander Intense PHEV 4x4
**4.890.000**
Verðlistaverð: 5.690.000




Outlander Instyle PHEV 4x4
**5.290.000**
Verðlistaverð: 6.190.000

## Sport

- SDA margmiðlunartæki með tengingu fyrir snjallsíma
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- Tveggja svæða loftkæling
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill start assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar sem falla inn
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- 16" álfelgur

## Arctic

Umfram Sport:
- Leður Alcantara sætisáklæði
- Hiti í stýri
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- Hiti í framsætum
- Blindhornaviðvörun
- Hægt að stöðva hleðslu með lykli
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Lyklalaust aðgengi
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- 18" álfelgur
- Rockford Fossgate 710W hljómkerfi með 9 hátölurum

## Intense

Umfram Sport:
- Leður Alcantara sætisáklæði
- Hiti í stýri
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- Hiti í framsætum
- Blindhornaviðvörun
- Hægt að stöðva hleðslu með lykli
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Lyklalaust aðgengi
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- 18" álfelgur
- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- 360° myndavél
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Rafdrifinn afturhleri

## Instyle

Umfram Sport:
- Leðursæti með rafstýringu fyrir ökumann
- Hiti í stýri
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- Hiti í framsætum
- Blindhornaviðvörun
- Hægt að stöðva hleðslu með lykli
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Lyklalaust aðgengi
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- 18" álfelgur
- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- 360° myndavél
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Rafdrifinn afturhleri
- HID aðalljós með sjálfvirkri hæðarstillingu
- Rafhituð framrúða
- Rockford Fossgate 710W hljómkerfi með 9 hátölurum

GENGUR BÆÐI FYRIR RAFMAGNI OG BENSÍNI

## SVONA VERÐ BÝÐST BARA EINU SINNI Á HUNDRAÐ ÁRA FRESTI

Í tilefni af 100 ára afmælinu býður Mitsubishi allar gerðir af Outlander PHEV á ótrúlegu tilboði. Þeir ganga bæði fyrir rafmagni og bensíni, koma með fimm ára ábyrgð og eru til afhendingar strax. Komdu og gerðu kaup aldarinnar. Hlökkum til að sjá þig!

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ







**Norrænu krabbameinssamtökin (NCU) auglýsa eftir umsóknum um styrki til krabbameinsrannsókna**

Rannsóknirnar skulu byggja á samstarfi vísindamanna norrænu landanna og hafa að markmiði að:

- Auka þekkingu og skilning á krabbameinum
- Auka skilvirkni forvarna
- Efla árangur í krabbameinsmeðferðum og endurhæfingu
- Auka virkni í beitingu krabbameinsmeðferða í norrænu löndunum

Umsóknum skal skilað fyrir kl. 13 þann 1. sept. 2017.
Nánari upplýsingar um umsóknir eru á **www.ncu.nu**

*Krabbameinsfélag Íslands hefur verið meðlimur í Samtökum norrænna krabbameinsfélaga, Nordic Cancer Union (NCU) í yfir 60 ár. Samtökin leggja áherslu á að styðja vísindarannsóknir á krabbameinum og nema árlegir styrkir um 750.000 Evra.*

www.krabb.is Krabbameinsfélagið

## Bjarga sér sjálf



Sólarhringsdvöl félaga unglingadeildar björgunarsveitarinnar Ársæls í björgunarbáti lauk á miðnætti í gær. Voru þeir að safna fyrir heimsókn unglinga frá þýskri björgunarsveit. Ingi Karl Björnsson, yfirumsjónarmaður deildarinnar, segir vel hafa gengið að safna áheitum er gengið var í hús á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Færri ferðamenn eystra

**Ferðaþjónustufólk á Austurlandi kveðst finna fyrir fækkun ferðamanna líkt og raunin er á Vestfjörðum. Súrt ef krónan eyðileggur fyrir okkur, segir hótelstjóri.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það er samdráttur og ég hef miklar áhyggjur. Þetta hótel, Hótel Bláfell, er búið að vera opið allt árið síðan 1983 og er eitt af fyrstu heilsárshótelunum á landsbyggðinni og ég er að horfa í það að geta ekki haft opið í vetur. Útlitið er ekki gott,“ segir Friðrik Árnason hjá Hótel Bláfelli.

Sagt var frá fækkun ferðamanna á Vestfjörðum í Fréttablaðinu á föstudag. Höfðu margir orð á því að Austfirðir væru í engu skárri málum. Þrír hótelstjórar og -eigendur á Austfjörðum taka undir það og segjast finna fyrir fækkun ferðamanna og gistinátta.

Guðrún Anna Eðvaldsdóttir hjá Hótel Framtíð segir að bókunarstaðan sé fín en ferðamenn haldi í hverja einustu krónu.

„Við vorum einmitt að ræða þetta. Fólk er að halda að sér höndum í veitingasölu og öðru. Fólki finnst dýrt hér og það er lítið að leyfa sér eða sleppa sér.“

Gunnlaugur Jónasson sem rekur Gistihúsið á Egilsstöðum segir að apríl hafi verið slæmur.

„Þetta er tvísýn staða og það er mikið um afbókanir en það hefur reddast. Við höfum náð að halda sjó. Það er eitthvað niður en sumarið er nýbyrjað. Það er minni sala í mat og fólk eyðir minna. Ég finn til með Vestfirðingum, þetta voru ekki glæsilegar tölur sem ég las á föstudaginn,“ segir Gunnlaugur.

Friðrik á Hótel Bláfelli segir að gengi krónunnar sé ekki til að hrópa húrra fyrir.

„Það er alltaf mikið að gera á sumrin en bókunarstaðan er þannig að Skandínavar og Þjóðverjarnir eru ekki að koma. Það er ekki af því að hamborgarinn kostar eitthvað x mikið. Það var 30 til 35 prósenta samdráttur í maí. Það er rándýrt að koma hingað og júlí er ekkert sérstaklega fallegur. Við vorum búin að skapa fullt af heilsársstörfum og ferðaþjónustan er blómleg atvinnugrein og það er helvíti súrt ef myntin okkar ætlar að eyðileggja fyrir okkur.“




**Ferðamenn ferðast minna út á firði landsins. Áður hefur verið sagt frá vandræðum Vestfirðinga og nú berast fréttir frá Austfjörðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Staðalbúnaður ferðamannsins er Bónuspokinn.**
>
> Gunnlaugur Jónasson á Egilsstöðum

Þá bendir Gunnlaugur á að hann hafi farið í gagngerar endurbætur á matseðlinum enda hafi ferðamenn yfirleitt bara verið að kaupa margaríta-pitsur.

„Staðalbúnaður ferðamannsins er Bónuspokinn. Í vor förum við í gagngerar endurbætur á matseðlinum og lækkuðum öll verð til að reyna eitthvað. Það bar árangur. Ég er með fullt eldhús af kokkum og annars hefði verið hægt að loka bara.“

Guðrún Anna bendir á að ferðamenn sæki í öryggið og friðsældina sem hér er.

„Fólk er að koma til Íslands því það er öruggt land. Það er til í að borga meira fyrir öryggið sem er hér, það er mín kenning. Við getum ekki endalaust sleppt fólki út í náttúruna, það er alveg pirrað yfir að það séu allir út um allt og ég held að við höfum bara öryggið núna,“ segir Guðrún Anna.

Aðspurður um lausnir segist Gunnlaugur ekki hafa þær.

„Krónan er erfið. Við höfum ekki hækkað okkur og það bætir ekki úr ef virðisaukinn verður hækkaður. Það átti að setja komugjöld á alla fyrir löngu, þá hefðu þessir ódýrari ferðamenn ekki komið en þeir reyndar koma lítið hingað.“

**benediktboas@365.is**


Hrafnhildur Þóreyjardóttir er tveggja barna móðir og starfsmaður í kerskála Fjarðaáls. Hún segir átta tíma vaktir henta fjölskyldufólki mun betur en 12 tíma vaktakerfið sem var áður.
2007
2017
10 ára
Konur, til hamingju
með daginn!
Alcoa Fjarðaál hefur frá upphafi lagt áherslu á jafnt kynjahlutfall innan fyrirtækisins og hvikar ekki frá þeirri stefnu. Konurnar sem starfa hjá fyrirtækinu sinna fjölbreyttum störfum og við finnum fyrir auknum áhuga kvenna á fyrirtækinu með breyttu vaktafyrirkomulagi.
Kvennakaffi 19. júní — fögnum saman
Í tilefni af kvenréttindadeginum í dag bjóðum við konum á Austurlandi að koma og þiggja veitingar, hlýða á tónlist og skemmtileg ávörp í matsal álversins klukkan 17.
Dagskráin er á heimasíðu okkar, alcoa.is.
Fjarðaál
alcoa.is
Alcoa

# Stjórnvöld hafa boðið Grænlendingum aðstoð

**GRÆNLAND** Utanríkisráðherra hefur boðið grænlenskum stjórnvöldum aðstoð vegna flóðbylgjunnar sem gekk yfir þorp á vesturströnd landsins. Hann segir hug íslensku þjóðarinnar með Grænlendingum.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun var fjögurra saknað í þorpinu Nuugaatsiaq eftir að flóðbylgja og sjávarflóð fylgdu jarðskjálfta sem reið yfir seint á laugardagskvöld. Skjálftinn var fjórir að stærð. Lögreglan á Grænlandi segir að ellefu húsum hafi skolað á haf út. Íbúar í þorpinu hafa verið fluttir burt.



**Lögreglan á Grænlandi segir að ellefu húsum hafi skolað á haf út.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Norska ríkisútvarpið NRK segir að einhverjir af þeim sem fluttir voru af svæðinu séu slasaðir, þar af tveir alvarlega.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir að Grænlendingar hafi verið þakklátir boði íslenskra stjórnvalda. Ekki liggi hins vegar fyrir hvort þeir ætli að þiggja aðstoð. Þá er ekki talið að neinir Íslendingar hafi verið á svæðinu.

Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær sagði Guðlaugur Þór enn fremur að hugur íslensku þjóðarinnar væri með Grænlendingum enda þekki báðar þjóðir náttúruhamfarir vel. – **kk**



**Um 1.600 slökkviliðsmenn voru á vettvangi í gær að reyna að slökkva fimm af stærstu eldunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Yfir 60 látnir í Portúgal

**Lýst hefur verið yfir þriggja daga þjóðarsorg í Portúgal eftir að yfir sextíu manns létu lífið í skógareldum. Börn voru meðal hinna látnu. Fjöldi fólks brann inni í bílum sínum þegar það reyndi í örvæntingu að koma sér burt af hættusvæðinu.**

**PORTÚGAL** Talið er að yfir sextíu manns hafi látist í skógareldum nærri Coimbra í Portúgal í gær. Þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði fréttastofa BBC greint frá því að 62 væru látnir. Óttast er að tala látinna komi til með að hækka.

Ríkisstjórnin í Portúgal hefur lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna fólksins sem fórst.

Forsætisráðherra landsins, Antonio Costa, segir þetta vera versta harmleikinn af völdum skógarelda sem orðið hafi undanfarin ár.

Börn eru á meðal þeirra sem fórust. Fjöldi fólks brann inni í bílum sínum þegar það reyndi að flýja af hættusvæðinu. Yfir fimmtíu manns hafa slasast af völdum skógareldanna.

**» Ríkisstjórnin í Portúgal hefur lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna fólksins sem fórst í gær.**

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er ekki vitað til að Íslendingar hafi orðið fyrir skaða af völdum eldanna.

Hundruð slökkviliðsmanna reyndu fram eftir degi í gær að ráða niðurlögum eldsins og eru slökkviliðsmenn á meðal þeirra sem slasast hafa í eldsvoðanum. Um 1.600 slökkviliðsmenn voru á vettvangi að reyna að slökkva fimm af stærstu eldunum í gær.

Alls brutust um sextíu skógareldar út um allt landið aðfaranótt sunnudags. Spænsk stjórnvöld hafa meðal annars sent tvær flugvélar til að hjálpa til við að slökkva eldana. Einnig hafa frönsk yfirvöld boðið fram aðstoð sína. Forsvarsmenn Evrópusambandsins hafa lofað að senda flugvélar til að aðstoða við að ráða niðurlögum eldsins.

Ekki er vitað um upptök eldanna en forsætisráðherrann segir að þeir hafi getað kviknað af völdum eldinga. Mikil hitabylgja hefur gengið yfir landið og hitinn náð yfir 40°C sums staðar. **saeunn@frettabladid.is**





Upplýsingafundur fyrir íbúa vegna húsnæðis Kársnesskóla við Skólagerði verður haldinn þriðjudaginn 20. júní kl. 17.00 í Kársnesskóla við Vallargerði.

Á fundinum verður ástand Kársnesskóla við Skólagerði kynnt og þeir valkostir sem bæjaryfirvöld standa frammi fyrir.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri og Margrét Friðriksdóttir formaður menntaráðs og starfshóps um húsnæðismál greina frá stöðunni.

Fyrirspurnir og umræður að loknum erindum.

Kópavogsbær
kopavogur.is



**Skapaðu nýtt sjónarhorn**

Ókeypis kynningartími
21. júní kl. 20:00



**Ármúli 11, 3. hæð**
**Skráning á www.dale.is**

Dale Carnegie

# Við hjálpum þér að byggja upp sparnað

Pantaðu sparnaðarráðgjöf í síma 410 4040

Markmið fólks eru ólík en þegar byggja á upp sparnað skiptir máli að markmiðin séu skýr og fái góðan farveg. Landsbankinn veitir sparnaðarráðgjöf, allt frá skipulagningu þar til takmarkinu er náð.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Almería | Mallorca | Tenerife | Albír | Benidorm | Gran Canaria

# Næstu brottfarir í júní og júlí

## **Gran Canaria** er heill heimur út af fyrir sig



**Aqualand** er flottur vatnsrennibrautagarður sem er staðsettur í hlíðunum fyrir ofan Playa del Ingles. Brautirnar í garðinum eru mjög skemmtilegar og stutt yfir í Palmitos Park.

**Holiday World** er tívolígarður í Maspalomas. Tívolígarðurinn er opinn frá kl. 18:00 og fram eftir kvöldi. Skemmtilegur fyrir yngri kynslóðina.



**Palmitos Park** er fuglagarður staðsettur rétt utan við Maspalomas, um 10 mínútur með leigubíl. Í garðinum eru fjölmargar tegundir fugla og fiðrilda. Í Palmitos Park er arnasýning, páfagaukasýning og höfrungasýning nokkrum sinnum yfir daginn.



**Gran Canaria — Allt innifalið**
Ifa Interclub ☆☆☆
FRÁ **79.900** KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með **ALLT INNIFALIÐ**. Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Brottför: 21. júní — 1 vika*

**Gran Canaria**
Corona Blanca ☆☆
FRÁ **58.800** KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 70.600 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Brottför: 28. júní — 1 vika*

**Gran Canaria — morgunverður**
Vital Suites ☆☆☆☆
FRÁ **103.900** KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu með morgunverði. Verð frá 120.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Brottför: 5. júlí — 1 vika*

**Almería**
Roc Golf Trinidad ☆☆☆☆
FRÁ **95.900** KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli. Verð frá 122.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Brottför: 23. júní — 1 vika*

**Almería**
Pierre Vacances ☆☆☆
FRÁ **83.400** KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 102.800 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Brottför: 14. júlí — 1 vika*

**Almería — hálft fæði**
Best Sabinal ☆☆☆☆
FRÁ **95.900** KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli. Verð frá 115.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Brottför: 21. júlí — 1 vika*

**Bókaðu núna, fleiri verðdæmi og brottfarir á www.sumarferdir.is**

Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar, gisting, íslensk fararstjórn, ferðataska og handfarangur.


Mallorca
Vista Club
FRÁ 74.800 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 109.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Brottför: 29. júní – 11 nætur
Mallorca
Zafiro Tropic
FRÁ 149.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 247.800 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Brottför: 10. júlí – 10 nætur
Tenerife
Palm Beach
FRÁ 69.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíóíbúð. Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Brottför: 22. júní – 11 nætur
Albír
Albir Playa
FRÁ 69.800 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli. Verð frá 88.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Brottför: 23. júní – 8 nætur
Benidorm
Hotel Avenida
FRÁ 99.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli. Verð frá 122.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Brottför: 27. júní – 8 nætur
Calpe
Diamante Beach
FRÁ 114.100 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli. Verð frá 155.400 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
Brottför: 7. júlí – 8 nætur
SKOÐAÐU FLEIRI TILBOÐ Á
Sumarferdir.is
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

# Annað tækifæri




Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is


Þegar konur fengu loks kosningarétt árið 1915 tilkynnti Ingibjörg H. Bjarnason í ræðu við setningu Alþingis síðar um sumarið að næsta baráttumál yrði stofnun Landspítala, öllum til heilla. Það er lýsandi fyrir það að baráttan fyrir kvenfrelsi er barátta fyrir bættu samfélagi. Samfélagi umhyggju, mannvirðingar og réttlætis.

Þessi hugtök hafa verið mörgum ofarlega í huga af því tilefni að Robert Downey, áður Róbert Árni Hreiðarsson, hlaut uppreist æru frá yfirvöldum og endurheimti þar með full lögmannsréttindi sem hann var sviptur árið 2008 þegar hann var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn fjórum unglingsstúlkum. Þegar forseti Íslands veitti Robert uppreist æru að tillögu innanríkisráðherra öðlaðist maður sem hafði brotið með viðurstyggilegum hætti gegn fjórum unglingsstúlkum óflekkað mannorð í skilningi laga og þar með t.d. réttinn til þess að verja aðra kynferðisbrotamenn.

Sársaukinn sem þetta felur í sér fyrir þolendur er ósegjanlegur og lítilsvirðingin sem þeim er sýnd af hálfu kerfisins algjör. Það undarlega er að það er eins og kerfið hafi veitt Robert Downey uppreist æru upp á sitt eindæmi. Eins og að málinu komi aldrei viti borin manneskja sem lætur sig varða hag, tilfinningar og stöðu þeirra stúlkna sem voru og eru fórnarlömb Róberts. Það er nefnilega vitað að kynferðisglæpir eru glæpir sem halda áfram að særa og meiða fórnarlömb sín jafnvel ævina á enda. Hafi einhver átt að vera meðvitaður um þetta er það gerandinn sem dvaldi oft innan Barnahúss þar sem hann yfirheyrði fórnarlömb meintra kynferðisbrotamanna sem voru skjólstæðingar hans. Að sækja um uppreist æru sýnir því eitthvað annað af hálfu Róberts en iðrun.

Kannski sýnir það aðeins vilja til þess að öðlast þetta margfræga annað tækifæri sem samfélagið eftirlætur brotamönnum en gleymir oft að veita fórnarlömbum. Fórnarlömb kynferðisbrotamanna eiga nefnilega skilið annað tækifæri til þess að lifa hamingjuríku lífi án ótta. Annað tækifæri til þess að meta sig að verðleikum – að elska og vera elskuð. Að rífa hrúðrið af sárum fórnarlamba með því að líta svo á að glæpamaður hafi nú hreint mannorð, eins og glæpurinn hafi aldrei átt sér stað, er ekki til þess gert að veita þessum fórnarlömbum annað tækifæri í lífinu. Þvert á móti er það aðför að lífi þeirri og sálarheill.

**Fórnarlömb kynferðisbrotamanna eiga nefnilega skilið annað tækifæri til þess að lifa hamingjuríku lífi án ótta.**

Robert Downey fékk sitt annað tækifæri þegar hann var laus úr fangelsi og fékk tækifæri til þess að lifa í siðuðu samfélagi. Tækifæri til þess að vinna, mennta sig, ferðast og jafnvel elska og vera elskaður. En það var ekki nóg. Hann vildi tækifæri til þess að snúa til fyrri starfa, rétt eins og það að starfa sem lögmaður væru sjálfsögð mannréttindi sem það er auðvitað ekki fremur en önnur ábyrgðarstörf, og það virðist hafa verið honum dýrmætara en sálarheill og annað tækifæri þeirra sem hann meiddi. En svona er kerfið, segja þeir sem þar starfa og ráða, en þá er að breyta kerfinu. Því að kerfi sem veldur slíkum sársauka og gætir ekki betur að hag og sálarheill saklausra barna er ekki samfélag umhyggju, mannvirðingar og réttlætis.




CE - merkt framleiðsla
• Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
• Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
• Schüco tryggir lausnir og gæði
• Þekking og þjónusta
• Áralöng reynsla
**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**
IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi
SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli


## Halldór




## Frá degi til dags

**Okur á Vestfjörðum?**

**Fyrir helgi var sagt frá mikilli fækkun ferðamanna á Vestfjörðum í þessu blaði. Enn fremur að þeir væru hættir að kaupa mat á veitingastöðum þar sem hamborgarinn sé orðinn fokdýr, kosti 25 evrur. Lauslegur samanburður við sambærilegan rétt á seðli á ágætis veitingastað í Bretlandi sýnir að meðalstór hamborgari, með grænmeti og sósu, frönskum kartöflum og gosi kosti um tíu bresk pund, eða um það bil 1.200 íslenskar krónur.**

**Eða vonlaus gjaldmiðill?**

**Hér kostar slíkur hamborgari að sögn Vestfirðinganna 25 evrur án drykkjarins. Væri drykkur seldur með – t.d. gos, sem kostar kannski um 400 íslenskar krónur á hamborgarastöðum hér – þá er sá hamborgari rúmlega tvöfalt dýrari en á þokkalegum veitingastað í Bretlandi. Hamborgarinn er vissulega dýr – en skýringin fyrst og fremst sú að íslenska krónan hefur styrkst gríðarlega undanfarið ár, og þá mest gagnvart breska pundinu sem tekið hefur dýfu vegna Brexit. Varla gengur þetta til lengdar. Fari ferðamenn að kjósa með veskinu í auknum mæli er hætt við að loftið leki úr íslensku ferðamannabólunni.**

**olof@frettabladid.is**

# Brask og bakreikningar




Oddný G. Harðardóttir
formaður þingflokks Samfylkingarinnar


Bankakerfið verður að geta staðið af sér fjármáláföll. Framtíðarskipan þess þarf að miða að því að kerfið verði öruggt, skilvirkt og hæfilega umfangsmikið með ódýrri sjálfsagðri þjónustu við fólk og fyrirtæki. Sparifjáreigendur hafa ekki veð í bönkunum en verða að geta treyst því að sparifé þeirra sé öruggt og aðgengilegt til að greiða með regluleg útgjöld. Hér eru innstæður tryggðar að lágmarki um 1,7 milljónir króna. Evróputilskipun frá 2014 hefur ekki enn verið tekin upp hér á landi um mun hærri tryggingu eða 12 milljónir króna. Stjórnvöld hafa hins vegar gefið það út að sparifé landsmanna sé ekki lengur tryggt að fullu og því er staða sparifjáreigenda hér á landi ekki ásættanleg.

Í nýlegri skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins fjallar starfshópur um kosti og galla við aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Þar segir að löggjöf þurfi að tryggja að áhætta af fjárfestingarbankastarfsemi skapi ekki kerfisáhættu þannig að innviðum fjármálakerfisins, efnahagskerfinu, almenningi og ríkissjóði stafi hætta af slíkri starfsemi. Ég tel að hagur almennings sé best varinn með því að fjárfestingarbankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi verði aðskilin með lögum.

**Þegar fjárfestingarbankastarfsemi er blandað saman við nauðsynlega þjónustu við almenning nýtur áhættusækin fjármálastarfsemi stuðnings ríkisins um leið.**

Fjárfestingarbankar taka áhættu í hagnaðarskyni langt umfram það sem viðskiptabankar gera. Viðskiptabankastarfsemi tekur lágmarksáhættu við ávöxtun sparifjár almennings og sér um nauðsynlega greiðslumiðlun. Sú bankastarfsemi er samfélagslega mikilvæg og ómissandi þjónusta við almenning. Þess vegna hefur bankastarfsemi notið stuðnings ríkisins beint og óbeint. Þegar fjárfestingarbankastarfsemi er blandað saman við nauðsynlega þjónustu við almenning nýtur áhættusækin fjármálastarfsemi stuðnings ríkisins um leið. Sagan sýnir okkur að sú starfsemi ýtir bæði undir græðgi og skammtíma hagsmuni þeirra sem taka mikla áhættu. Ef þessi blöndun viðgengst þá munu braskarar eiga áfram greiðan aðgang og afnot af sparifé almennings. Seðlabankinn á ekki að styðja braskið.

Fjárfestar sem njóta alls ávinnings af áhættu ef vel tekst til, eiga líka að bera allan kostnað þegar verr gengur. Honum má ekki velta yfir á almenning.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fólk

MÁNUDAGUR 19. JÚNÍ 2017

19. júní



Kvennaheimilið Hallveigarstaðir er 50 ára í dag og upp á það verður haldið í húsinu.

Kvenréttindi ➜4

# Mamma stærsta fyrirmyndin

**Það gekk ekki þrautalaust fyrir sig að koma borgarstjóra Reykvíkinga í heiminn á kvenréttindadaginn 1972. Hann er 45 ára í dag.**



**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is



Ég á góðan kunningja sem veiktist alvarlega fyrir nokkrum árum. Þegar hann komst að því að ég ætlaði ekki að gera neitt í tilefni afmælisins eitt árið þá húðskammaði hann mig og sagði að maður ætti að fagna hverju einasta ári því maður veit aldrei hversu mörg ár manni eru gefin. Þetta glymur alltaf í eyrunum á mér við afmæli mín,“ segir Dagur sem fæddist í Ósló 19. júní árið 1972.

Það sumar voru foreldrar hans enn ógiftir og föður hans var meinað að vera viðstaddur fæðingu sonarins.

„Þarna var úr vöndu að ráða en mamma er mikil baráttukona og keppnismanneskja. Hún brá á það ráð að hysja upp um sig í miðri fæðingu og skunda á annan spítala. Það mátti ekki tæpara standa því ég kom í heiminn tíu mínútur í miðnætti á kvenréttindadaginn og það fannst mömmu ekki leiðinlegt, né mér sem hef alltaf verið mjög stoltur af þessu.“

Ekki tók betra við þegar nýfæddur Dagur útskrifaðist af spítalanum í Ósló. „Þá var sagt útilokað að ég yrði skráður Eggertsson heldur yrði ég að vera skráður Jónsdóttir, eins og mamma. Það tók mamma ekki í mál og þar kemur sagan af B-inu því mamma náði því í gegn að ég yrði skráður Bergþóruson í höfuðið á henni. Síðar bættist Eggertsson við og hef ég stoltur borið nöfn beggja foreldra minna síðan, sem og systkini mín og frændfólk sem hefur tekið þetta upp.“

## Vel skólaður í jafnrétti

Á Kvenréttindadaginn er þess minnst að konur á Íslandi fengu kosningarétt árið 1915.

„Ég hef alla tíð verið meðvitaður um þýðingu kvenréttindadagsins og verið rogginn með að eiga hann fyrir afmælisdag. Ég hef verið umvafinn sterkum og sjálfstæðum konum allt mitt líf. Föðuramma mín, Ragnheiður Hulda Þorkelsdóttir, var hjúkrunarstjóri á heilabilunardeild í Hátúni og mögnuð kona. Móðuramma mín, Jóna Bjarnadóttir, 96 ára, er enn á lífi og förum við saman á ættarmót um næstu helgi á fæðingarstað hennar í Bolungarvík. Hún er ein fyrsta grænmetisætan sem ég veit um í Reykjavík, stundaði jóga og fór á hjóli á milli hverfa til að sækja sér grænmeti.“

Móðir Dags er Bergþóra Jónsdóttir lífefnafræðingur og faðir hans Eggert Gunnarsson dýralæknir.

„Mamma er stærsta fyrirmynd mín meðal kvenna, með baráttukrafti sínum, seiglu og sterkri réttlætiskennd, og það sama á ég að sækja til pabba sem er einstakur maður. Þau hafa í sínum hjúskap haft jafnrétti að leiðarljósi og þegar mikið var að gera hjá mömmu sá pabbi meira um heimilið og öfugt. Á tímabili var svo mikið annríki hjá mömmu að vinir systkina minna héldu að pabbi væri alltaf með svuntu!“ segir Dagur og skellir upp úr. „Þótt mínu starfi fylgi mikið

**Framhald á síðu 2 ➜**


# LEIÐSÖGUNÁM

**VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

**Framhald af forsíðu** ➪

annríki og margir dagar lendi meira á Örnu, konunni minni, bý ég að þessu uppeldi og þar sem hallar á Örnu þessi árin, á hún inni.“

## Ingibjörg Sólrún fyrirmyndin

Kona sem er Degi hugleikin sem fyrirmynd í embætti er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, einn farsælasti borgarstjóri Reykvíkinga.

„Ég fór í pólitík fyrir orð Ingibjargar Sólrúnar. Eitt af því sem hún og Reykjavíkurlistinn gerðu að lykilmáli í pólitík, og sem íhaldskarlar hlógu að árum saman, voru jafnréttismál, leikskólamál og barátta gegn ofbeldi. Það þurfti konur til að breyta þeim málum fyrir alvöru og það er arfur Kvennalistans sem við búum ennþá að. Borgarbúar studdu við þessar áherslur og mér finnst mikilvægt að halda þeim á lofti.“

Konur starfa að stórum hluta fyrir Reykjavíkurborg og segir Dagur jafnréttismál koma við sögu á degi hverjum í embætti borgarstjóra.

„Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi í jafnréttis- og kvenfrelsismálum í meira en tuttugu ár. Jöfn staða kynjanna er því löngu orðin samofin starfsemi borgarinnar en það þarf þó alltaf að standa vaktina. Við greinum fjárhagsáætlanir með þeim gleraugum og gerum að skilyrði, þegar við styrkjum íþróttafélög eða aðra, að báðum kynjum sé jafnt sinnt og mannréttindi virt.“

Brúa þurfi bil á milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Stór og rúmgóð neðri sérhæð í tvíbýlishúsi í rólegum botnlanga. Sérinngangur er inn í íbúðina og henni fylgir afgirtur sérgarður. Í eiginni eru fjögur svefnherbergi. Íbúðin er töluvert endurnýjuð að innan með nýlegum gólfefnum, endurnýjuðu baðherbergi og eldhúsi. Einstaklega góð fjölskyldueign miðsvæðis í borginni.
**Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm:** 694 4000

## Kvistavellir 43 — 221 Hafnarfjörður — 78.800.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 20. júní kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 6 **Stærð:** 210,8 m² Tvöfaldur bílskúr

Frábært fjölskylduhús á einni hæð með 5 svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum. Mikil lofthæð er í húsinu og innfelld lýsing er í öllum rýmum ásamt gólfhita. Gott bílaplan með stimpilsteypu og snjóbræðslu er fyrir framan eignina. Garður er frágengin með palli, grasi og snjóbræðslu.
**Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm:** 694 4000

## Fálkagata 21 — 107 Reykjavík — 49.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 19. júní kl. 17:30-18:00**

**Stærð:** 96,7 m²

Falleg og vel skipulögð fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð í snyrtilegu fjölbýli. Íbúðin er mikið endurnýjuð. Eldhús er með fallegri hvítri innréttingu og góðum borðkrók, stofa er björt og rúmgóð en stórir gólfsíðir gluggar gefa íbúðinni einstakan svip, útgengi á svalir úr stofu, baðherbergi er flísalagt með hvítri innréttingu. Á gólfum er parket. **Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm:** 822 2225

## Þverbrekka 2 — 200 Kópavogi — 29.900.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 20. júní kl.17:30-18:00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 49,9 m²

Rúmgóð og vel skipulögð fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Suðurhlíðum Kópavogs. Um er að ræða eign sem er skráð 97,7fm skv F.M.R . Svefnherbergin eru þrjú og frábært útsýni er frá íbúðinni. Búið er að skipta um gler í íbúðinni og stigagangur var teppalagður og málaður fyrir nokkrum árum. Stutt er í skóla og þjónustu. **Upplýsingar veitir Hrönn sölufulltrúi í gsm:** 692 3344

Fasteignasalan
# GARÐUR
## 562-1200



Sveinbjörn Halldorsson
*Löggiltur fasteignasali*
*Sími:* ***892-2916***
*sveinbjorn@fastgardur.is*



Halldór Freyr Sveinbjörnsson
*Aðstoðarmaður fasteignasala*
*Sími:* ***693-2916***
*halldor@fastgardur.is*

Skipholt 5 - 105 - Reykjavík - www.fastgardur.is

## FURUÁS 41– EINBÝLI

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 19. JÚN. FRÁ KL 17:00 – 17:30.**




Vorum að fá í sölu 282 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Furuás 41 í Hafnarfirði með 45 fm bílskúr. Fimm rúmgóð svefnherbergi. Eldhús með hvítri innréttingu. Tvö baðherbergi. Stór stofa með útsýni. Staðsetning er góð í nýlegu hverfi. Ýmis frágangur er eftir að innan sem og utan. Lóðin er grófjöfnuð. Laus strax. **Verð 73.5 millj.**

## PERLUKÓR – 4RA HERB. STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU



Vorum að fá í sölu fallega 172 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð með stæði í bílageymslu við Perlukór 1A. Tvö rúmgóð barnaherbergi, stór hjónaálma með sérbaðherbergi og stórum fataskápum. Björt og góð stofa og borðstofa. Hvít háglans eldhúsinnrétting. Flísalagt baðherbergi með hvítri háglans innréttingu og baðkari. Falleg og vel skipulögð eign með stórum suðursvölum með útsýni. **Verð: 64.9 millj.**

## MÁNATÚN – 3JA HERBERGJA



Glæsileg ný íbúð sem er skilað fullbúni án gólfefna með flísum á baðherbergi og í þvottahúsi. Íbúðin er 3ja herbergja 121 fm hornibúð á 1. hæð í nýju glæsilegu lyftuhúsi við Mánatún 13 í Reykjavík. Eitt stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Skipulag eignar: Anddyri, hol, stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi, tvö svefnherbergi, og þvottahús. Tvennar svalir á þessari íbúð. Laus strax. **Verð 54.5 millj.**

## BRÍETARTÚN – 3JA HERBERGJA



Falleg 69 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í mikið endurnýjuðu fjölbýlishúsi við Bríetartún 18 í Reykjavík. Tvö rúmgóð svefnherbergi með fataskápum. Björt og falleg stofa. Eldhús með hvítri innréttingu og borðkrók. Flísalagt baðherbergi með hvítri innréttingu og sturtu. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð. Falleg eign sem vert er að skoða. **Verð 34.9 millj.**

## JÖKLASEL 1 – MEÐ BÍLSKÚR

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 19. JÚN. FRÁ KL 17:00 – 17:30.**




Falleg 64 fm 2ja herbergja íbúð á 1.hæð á góðum stað í Seljahverfinu auk 24,4 fm bílskúr með milliloftí. Rúmgóð og vel skipulögð íbúð sem skiptist í rúmgott svefnherbergi, bjarta stofu, baðherbergi og eldhús með þvottahús inn af. Bílskúrinn stendur sér í bílskúrslengju. Góð eign sem vert er að skoða. Stutt í alla almenna þjónustu. **Verð 36.9 millj.**

## VIÐEYJARSUND – SUMARHÚS



Fallegt og endurnýjað 60 fm sumarhús við Hraunborgir í Grímsnesi með góðri timburverönd og heitum potti. Staðsetning er mjög góð og er stutt í sund í þjónustumiðstöðinni og á Borg. Golfvellir í nágrenninu t.d Kiðjaberg og Öndverðarnes. Einnig er þar 3 völlur í hverfinu og minigolf. Bústaðurinn er ca 50 mínútur frá Reykjavík. Eignin stendur á 5000 fm leigulóð og er rafmagn og heitt vatn á staðnum. **Verð 18.9 millj.**

# Fasteign til sölu á Ásbrú



**AÐALTRÖÐ 2**

Stærð: 372 m²
Byggt: 1960
Tegund: Atvinnuhúsnæði
Húsinu fylgir 3.000 m² lóð
Fasteignamat: kr. 9.010.000

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú, fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll, þróttmikið og litríkt samfélag með öfluga menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrandi mannlíf. Hröð uppbygging í gagnaveraiðnaði og örþörungarækt, ásamt nálægð við Keflavíkurflugvöll gera Ásbrú að sönnu vaxtarsvæði til framtíðar. **Þú getur skoðað eignirnar nánar á kadeco.is**

PIPAR\TBWA-SÍA

Kadeco
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is




450 FASTEIGNASALA

450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavík - 450@450.is

## Fjölskyldufyrirtæki til sölu
## - einstakt tækifæri!

Um er að ræða afar vel rekið fjölskyldufyrirtæki í eigin húsnæði á frábærum stað í Reykjavík.

Fyrirtækið selur eigin framleiðslu og vörur til fyrirtækja og einstaklinga. Fyrirtækið er með sterk viðskiptasambönd, eigin innflutning og góðar og stöðugar arðgreiðslur. Sömu eigendur frá upphafi hátt í tvo áratugi. Vaxandi velta og miklir vaxtamöguleikar.

Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu að undangenginni undirskrift trúnaðaryfirlýsingar.

450@450.is | Guðmundur H. Valtýsson Lögg. fasteignasali | 865-3022

450 fasteignasala ehf. kt. 620900-2490 Engjateigur 9, 105 Reykjavík 450.is 450@450.is Sími 450-0000

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is


**Hilmar Óskarsson**
Framkvæmdarstjóri
Gsm: 896-8750


**Óskar Þór Hilmarsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 822-8750


**Guðjón Sigurjónsson**
Aðstm. í námi til lögg. fsl.
Gsm: 846-1511


**Pálmi Almarsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 896-3344


**Smári Jónsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 864-1362


**Auður Kristinsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 824-7772


**Hildur Edda Gunnarsdóttir**
Lögfr./Aðstm.
Gsm: 661-0804


**Ólafur Tryggvason**
Aðstoðarmaður
GSM: 666-8777








**Glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús með lyftu og bílageymslu.**

Vandaðar íslenskar innréttingar frá Brúnás og með AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru frá 2ja til 5. herbergja frá 93-186 fm. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Sérlega góð staðsetning niður við sjávarkambinn með stórglæsilegu sjávarútsýni. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**








**Stórglæsilegar íbúðir með sjávarútsýni við Lund 5 í Kópavogi.**

Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 5 í Fossvogsdal í 38 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið er 11 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 120 til 194 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.
Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**








**Stórglæsilegar íbúðir við Nýhöfn 7 í Sjálandi í Garðabæ.**

Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Nýhöfn 7 í 9 íbúða 3ja hæð fjölbýlishúsi með lyftu.
Mikið sjávarútsýni. 105,8 fm. til 150,1 fm. að stærð. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús.
Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.
Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**

**ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA**




## 50 ára og eldri

**Opið hús í dag mánudag
frá kl. 16:30 til 17:00**

**SNORRABRAUT 56B**

- 105 Rvk.
- 89 fm.
- 3ja herb.
- Yfirbyggðar svalir.

**Verð 47,9 millj.**



**SUÐURHÓLAR 35E**

- 111 Rvk.
- 3ja herb.
- 70,3 fm.
- C.a. 30 fm. timburverönd
- Sérinngangur.
- Álklætt hús.
- Byggt árið 2007.
- **Verð 34,9 millj.**



**STAÐARSEL 1**

- 109 Rvk.
- Einbýli.
- 234 fm.
- Gott viðhald.
- Stór bílskúr.
- **Verð 79,8 millj.**



**HVANNHÓLMI 28**

- 200 Kóp.
- Einbýli.
- 304,8 fm.
- 2 hæðir.
- Góður bílskúr.
- Glæsilegur garður.
- **Verð 89,5 millj.**



**VINDÁS 1**

- 110 Rvk.
- 105 fm.
- 3ja herb.
- Bílgeymsla.
- **Verð 36,9 millj.**



**SKIPHOLT 66**

- 105 Rvk.
- 5 herb.
- 2. hæð.
- 196 fm.
- Bílskúr.
- Byggt árið 2000.
- **Verð 74,5 millj.**





## Bílar & Farartæki


KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**


## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar


VAKA



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700


## Varahlutir


Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is


## Þjónusta

## Garðyrkja

**GARÐSLÁTTUR!**
Tek að mér garðslátt fyrir sanngjarnt verð.
**Fáðu tilboð í garðinn þinn í síma 771-9694**

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur og úðun ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSAVIÐGERÐIR**
Trésmíði • múrverk • málun, blikk • háþrýstiþvottur, og þakklæðningar.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA.
**UPPL. Í SÍMA 858 3300**

**ÞAKVIÐGERÐIR APS VERKTAKI EHF**
Þaklekar eru því miður alltof algengir í íslenskum húsum. Við tökum að okkur öll verkefni sem snúa að þakviðgerðum. Gsm.841 7601

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL**
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
**Sími 618 3525**
**www.engill.is**

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu


STIGA



**Stiga Estate 3084 H**
Sjálfskiptur sláttutraktór
B&S 3130 AVS mótor
Notendavænt sæti og stýri
240 lítra graskassi
Frábær traktór í meðalstór svæði
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is




**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**LOKAÐ ER 6-20 JÚNI HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Fasteignir


# Aspargrund 9 (200) - 109,9 m

Opið hús mánudaginn 19. júní kl. 17:00 - 17:30



- *Falleg eign í Fossvogsdal*
- *Einstök staðsetning.*
- *Skráð 282,6 fm., þar af bílskúr skráður 49,5 fm. innréttaður sem íbúð*
- *5 svefnherb. og 2 baðherb.*
- *Hjónasvíta með sér baðherb. og fataherb. og útgengt á svalir.*
- *Bjartar stofur, útgengt á sólpall í SV.*
- *Eldhús með útgengi á sólpall í SA.*






Íris Hall
Löggiltur fasteignasali +354 695 4500
irishall@islenskafasteignasalan.is

Íslenska fasteignasalan
Hlíðarsmári 12 • 201 Kópavogur
+354 510 3000
sala@islenskafasteignasalan.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA**

ICELANDIC/ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENGLISH/ENSKA f. fullorðna I, II, III: Start/Byrja: 26/6 -HOLIDAY/ FRÍ- 4/9, 2/10, 30/10, 27/11. Morn/ Aftern/Evening - Morgna/Síðd/ Kvölds - 4 weeks/vikur x 5 days/ daga. Only/Bara 2 - 5 students/nem per group/hóp. www.iceschool.is -ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




**9,6 feta lína 6 - 9 feta lína 8**

Fluguveiðisett frá Orvis með góða kasteiginleika, létt stöng létt hjól og góðir kasteiginleikar.
Orvis Encounter flugustöng
Orvis Encounter large arbor fluguhjól með Diskabremsu
Orvis flotlína, undirína og taumur

Vesturröst

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is




PVC vöðlur . Þykkar og góðar vöðlur fyrir erfiðar aðstæður St. 42-48. Verð 10.950 kr Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG

**HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óska eftir starfskrafti í garðvinnu, húsaviðgerðir og hestaleigu, helst með reynslu. Íslenskumælandi með góða tungumálakunnáttu. Uppl. í síma 616 1569.

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sumarstarfsfólki í vinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com







STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

*Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.*

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Framsækið og lifandi fyrirtæki

**Þátttaka kvenna í stjórnunarstörfum hefur verið töluvert í umræðunni síðustu ár. Enn í dag heyrast sögur af því að konum sé meinaður aðgangur að stjórnunarstörfum eða að þær séu ekki metnar að verðleikum. Það á sannarlega ekki við um konur sem starfa hjá A4.**

Við leggjum ávallt áherslu á að velja hæfasta fólkið í öll störf. Við höfum að leiðarljósi að árangur fyrirtækisins byggist á fjölbreytileika í stjórnun enda mikilvægt að gildi og viðhorf beggja kynja komi fram í stjórnun fyrirtækja,“ segir Bylgja Bára Bragadóttir, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu A4. Hún bendir á að í framkvæmdastjórn A4 séu tvær konur og þrír karlar. „Heldur fleiri konur eru verslunarstjórar í A4 en þeim fjölgar enn frekar í haust þegar við opnum nýja og glæsilega Panduro Hobby verslun í Smáralindinni. Þá verða sjö af átta verslunarstjórum verslana A4 konur.“ Á bak við þennan stjórnendahóp stendur síðan öflugur og fjölbreyttur hópur starfsmanna á öllum aldri með mikla reynslu en hjá fyrirtækinu starfa um hundrað starfsmenn.

Góður andi er í starfsmannahópnum, en sem dæmi mun A4 taka þátt í WOW Cyclothon í fyrsta sinn 20. til 23. júní næstkomandi. A4 verður með tíu manna lið og er skiptingin í liðinu sex konur og fjórir karlar.

## Allt fyrir skrifstofu, skóla og heimili

A4 er framsækið og lifandi fyrirtæki. „Við leggjum metnað okkar í að vera leiðandi á sviði skrifstofu-, skóla-, gjafa-, föndur- og hannyrðavara. Við hlustum á viðskiptavininn, greinum þarfir hans og finnum þær lausnir sem henta best,“ segir Bylgja Bára.

## Heimsþekkt vörumerki á góðu verði

Hjá A4 er boðið upp á heimsþekkt vörumerki sem eiga það sammerkt að vera öll í háum gæðaflokki. „Í skrifstofuvörum má nefna Acco, 3M, Faber-Castell, Novus, Durable og Stabilo en við leggjum metnað í að bjóða gæðavörur í miklu úrvali á góðu verði,“ segir Bylgja Bára og skorar á fólk að gera verðsamanburð.

## Fyrirtækjaþjónusta A4

Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem kappkosta að veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup fyrir fyrirtæki. „Við leggjum mikið upp úr því að viðskiptavinir geti nálgast okkur á þann hátt sem hentar þeim best; hvort sem er í gegnum sölumenn, verslun, síma eða vef,“ segir Bylgja Bára en fyrirtækjaþjónustan er opin alla virka daga frá 8-17, en vefverslunin www.a4.is er ávallt opin.



Hluti af þeim glæsilegu konum sem starfa hjá A4 þar sem boðið er upp á heimsþekkt vörumerki í háum gæðaflokki. MYND/EYÞÓR

## Nýr valkostur á húsgagnamarkaði

Glæsileg húsgögn bættust nýverið við fjölbreytta flóruna í vöruúrvali A4. „Við bjóðum húsgögn fyrir bæði fyrirtæki og stofnanir og erum með því að svara eftirspurn viðskiptavina. Við höfum það að leiðarljósi að skapa skemmtilegt og hvetjandi vinnuumhverfi og slagorð okkar er „Náðu árangri með ánægju“, sem þú gerir svo sannarlega með húsgögnunum frá okkur. Ábyrgðartími húsgagna er 5-10 ár. Við skilum húsgögnum af okkur samsettum og tilbúnum til notkunar.“

Bylgja Bára segir lykilinn að velgengni fyrirtækja vera mannauðinn og gott starfsumhverfi. „Það skiptir gríðarlega miklu máli að það fari vel um starfsfólk í vinnunni. Rafdrifin borð sem hægt er að standa við og sitja, stóll sem fer vel með þig þegar þú situr og góðar hirslur sem halda skipulagi á hlutunum skipta máli,“ lýsir hún og bendir á að vinnustaðir séu margbreytilegir og til dæmis þurfi að taka tillit til opinna og breytilegra vinnurýma og kalli það á nýjar lausnir til að mæta þörfum hvers og eins starfsmanns. „Má þar nefna sófa með háu baki, skilrúm og hafa í huga efni með hljóðdempunareiginleika.“



A4 er í góðu samstarfi við EFG (European Furniture Group) sem er sænskur húsgagnaframleiðandi og fleiri framleiðendur sem Bylgja segir að spennandi verði að kynna á íslenskum markaði. „Í mörg ár hefur A4 starfað með danska fyrirtækinu NSF og boðið til sölu skólatöflur, sýningartjöld og fleiri vörur tengdar skólastofunni og fundarherberginu. Til að þjónusta enn betur og svara eftirspurn skólastofnanna hefur A4 bætt við nemendahúsgögnum í vöruval sitt. Þessi húsgögn hafa verið í notkun um áraraðir á Norðurlöndunum við góðan orðstír. Nú þegar hafa nokkrir skólar nýtt sér þennan valkost og lýst yfir ánægju.“

**Þann 31. ágúst mun Panduro Hobby opna nýja og glæsilega verslun í nýju göngugötunni í austurenda Smáralindar. Panduro Hobby er draumaverslun föndrarans og þar má finna allt sem þarf til föndurgerðar.**

## Ný verslun með föndurvörur

A4 rekur fjórar verslanir á höfuðborgarsvæðinu auk verslana á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Þann 31. ágúst næstkomandi mun svo ný og glæsileg Panduro Hobby verslun verða opnuð í nýju göngugötunni í austurenda Smáralindar.

Panduro Hobby er leiðandi fyrirtæki á sviði föndurs og hannyrða í Evrópu og rekur í dag 114 verslanir í sex löndum. Verslunin er opnuð í samstarfi við A4, sem er umboðsaðili Panduro Hobby á Íslandi.

Panduro Hobby er draumaverslun föndrarans og þar má finna allt sem þarf til föndurgerðar.

„Metnaður Panduro Hobby liggur í gleðinni við að skapa og búa til eitthvað skemmtilegt með höndunum. Í Panduro Hobby finnur þú m.a. efni fyrir kortagerð, efni fyrir skartgripagerð, pappírsföndur, málningu, liti, garn og föndur fyrir börnin svo eitthvað sé nefnt. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Bylgja Bára.



Glæsileg húsgögn bættust nýverið við fjölbreytta flóruna í vöruúrvali A4, en margbreytilegir vinnustaðir kalla á nýjar lausnir til að mæta þörfum hvers og eins starfsmanns.

# Kvennahreyfingin er baráttutæki

## Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands var stofnuð þann 8. mars 2005 og var Guðríður Ólafsdóttir frumkvöðull að stofnun hennar.

Kvennahreyfingin er opin öllum konum innan bandalagsins. „Hreyfingin er umræðuvettvangur og baráttutæki fatlaðra og langveikra kvenna með það markmið að skapa eitt samfélag fyrir alla, þar sem jafnrétti ræður á öllum sviðum, samfélag þar sem fatlaðar og langveikar konur hafa tækifæri til þess að þroskast og nýta hæfileika sína,“ segir Þorbera Fjölnisdóttir, starfsmaður hópsins, en hún hefur verið hluti af stýrihópnum frá stofnun Kvennahreyfingarinnar.

„Staðreyndin er sú að karlar og konur hafa ekki sömu stöðu í samfélaginu, þó okkur finnist að þannig eigi það auðvitað að vera. Hinn sameiginlegi reynsluheimur tengir fólk af sama kyni því ákveðnum böndum. Starf Kvennahreyfingar ÖBÍ grundvallast á samkennd, þessari sameiginlegu reynslu sem við deilum sem fatlaðar og langveikar konur og á þann hátt erum við systur – kynsystur. Kvennahreyfingin er þannig jarðvegurinn sem við getum styrkst og blómstrað í,“ segir Þorbera.

„Jafnrétti kynjanna er nokkuð vel tryggt samkvæmt lögum en jafnrétti er þó ekki enn náð í reynd úti í samfélaginu og nægir þar að nefna launamun kynjanna. Lagaleg staða fatlaðs fólks hefur á sama hátt verið bætt mikið frá því sem áður var en við erum samt í stöðugri baráttu fyrir réttindum okkar.

Í Kvennahreyfingu ÖBÍ er því vettvangur fyrir konur innan samtakanna til að vekja athygli á stöðu fatlaðra og langveikra kvenna gagnvart hinum ýmsu málaflokkum.

Hreyfingin hefur einnig árlega tekið þátt í dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars. Einnig höfum við tekið þátt í árlegu „16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi“.



Sóley Björk Axelsdóttir fremst, fyrir aftan er Þorbera, þá Soffía Melsteð, Alma Ýr Ingólfsdóttir, lögfræðingur hjá ÖBÍ, og Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir.



Þorbera Fjölnisdóttir, starfsmaður Kvennahreyfingarinnar. MYND/ERNIR

Kvennahreyfing ÖBÍ hefur stutt námskeið fyrir fatlaðar konur á vegum Tabú, femínískrar fötlunarhreyfingar. Fatlaðar konur úr Kvennahreyfingunni og Tabú fóru í kröfugöngu til að vekja athygli á niðurstöðum rannsókna sem liggja fyrir um háa tíðni ofbeldis gagnvart fötluðum konum og brotalamir réttarkerfisins þegar kemur að ofbeldi gagnvart fötluðum konum. Innanríkisráðherra, velferðarráðherra og Alþingi voru færð kröfuskjöl. Kvennahreyfingin tók einnig þátt í Druslugöngunni árið 2014 ásamt Tabú en það var í fyrsta sinn sem fatlaðar konur tóku þátt í göngunni sem hópur.

Kvennahreyfingin átti fulltrúa í bakhópi rannsóknar á ofbeldi gagnvart fötluðum konum sem gerð var á vegum Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum við HÍ í samvinnu við rannsóknarstofnanir og háskóla erlendis og var styrkt af Daphne III áætlun Evrópusambandsins.

Tók fulltrúi Kvennahreyfingarinnar þátt í að skrifa greinar til að vekja athygli á niðurstöðum rannsóknarinnar sem sýndu að ofbeldi gegn fötluðum konum er algengt. Ofbeldið er nátengt félagslegri stöðu og valdaleysi í eigin lífi, er margs konar, andlegt, líkamlegt, kynferðislegt og fjárhagslegt, og er oft þaggað niður,“ segir Þorbera.

Kvennahreyfing ÖBÍ heldur úti virkri Facebook-síðu þar sem vakin er athygli á ýmsu því er snertir líf fatlaðra og langveikra kvenna.


ÖBÍ

STÖÐVUM ÞVINGAÐAR ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR

Við skorum á íslensk stjórnvöld að tryggja að engar þvingaðar ófrjósemisaðgerðir verði framkvæmdar á fötluðum konum hér á landi.

Samkvæmt íslenskum lögum er ófrjósemisaðgerð heimil á fólki allt að 25 ára gömlu ef „sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu hans/hennar til að annast og ala upp börn“. Nýleg rannsókn sýnir að slíkar aðgerðir hafa verið gerðar á konum með þroskahömlur hér á landi án þess að þeim sé ljóst að aðgerðin sé varanleg.

Þetta stangast á við grundvallaratriði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hvað varðar rétt til fjölskyldulífs. Í 23. grein segir að aðildarríki skuli tryggja að fatlað fólk, þar með talið börn, fái haldið frjósemi sinni til jafns við aðra.

**Öryrkjabandalag Íslands fordæmir þvingaðar ófrjósemisaðgerðir og krefst þess að þeim verði hætt. Það er eitt helsta baráttumál European Disability Forum, sem ÖBÍ er aðili að. Virðum sjálfsákvörðunarrétt fatlaðs fólks.**

ÖBÍ




Gangan hefst í Lystigarðinum klukkan 17.00. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kvennasöguganga á Akureyri

Í tilefni kvenréttindadagsins í dag, 19. júní, býður Jafnréttisstofa til kvennasögugöngu á Akureyri í samstarfi við Héraðsskjalasafnið, Minjasafnið, Akureyrarbæ og Zontaklúbbana á Akureyri.

Yfirskrift göngunnar er: Gengið í fótspor kvenna á Brekkunni. Kristín Aðalsteinsdóttir, fyrrverandi prófessor, leiðir gönguna og fræðir fólk um þær konur sem sett hafa svip sinn á Brekkuna.

Gangan hefst í Lystigarðinum klukkan 17 og henni lýkur á sama stað klukkan 18.30. Lagt verður af stað frá flötinni við Café Laut en allir eru velkomnir.




# Styrkja konur til menntunar

Birgitta Ásgrímsdóttir stendur fyrir viðburðinum Hjólum bæinn rauðan á fimmtudagskvöld til styrktar Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar.

Hugmyndin er að safna saman hópi kvenna, klæddum í eitthvað rautt og hjóla saman um miðbæinn á fallegu sumarkvöldi, sýna sig og sjá aðra og í leiðinni styrkja konur til menntunar," útskýrir Birgitta Ásgrímsdóttir en hún blæs til viðburðarins Hjólum bæinn rauðan til styrktar Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar.

Hjólatúrinn fer fram fimmtudaginn 22. júní og mæta þátttakendur á eigin hjólum fyrir framan Hörpu klukkan 20. Kaupa þarf miða á viðburðinn á midi.is og rennur ágóði miðasölunnar allur til sjóðsins. Við Hörpu fá þátttakendur afhent númer en dregið verður um veglega vinninga úr potti síðar um kvöldið.

„Þegar keyptur er miði eru í boði þrjú verð, 1.500 krónur, 2.000 og 2.500. Hærra verði fylgja fleiri miðar í happdrættispottinn," útskýrir Birgitta og segir fulla þörf á að styðja við sjóðinn.

„Mæðrastyrksnefnd heldur utan um Menntunarsjóðinn en hann er þó rekinn á sér kennitölu. Starfskonur Mæðrastyrksnefndar eru í stöðugri leit að fjármagni í sjóðinn og auðvitað er sjálfsagt að styrkja sjóðinn beint. Á hverju ári styrkir sjóðurinn efnalitlar konur til menntunar. Þær sem sækja um í þennan sjóð eru sumar í þeim sporum að vera að koma sér aftur út í lífið og aðrar búa við veikt bakland. Það geta verið alls konar ástæður fyrir því að þær hafa ekki möguleika á að koma sér af stað í nám, nema með hjálp. Þá getur þetta verið sú hjálp sem þarf," segir Birgitta. Hún leggur áherslu á að viðburðurinn sé ekki keppni. Tilgangurinn sé einnig að hafa gaman.

„Það verður engin keppni eða hraði og læti. Hópurinn leggur af stað frá Hörpu í þægilegan reiðhjólatúr um miðbæinn. Það verður eitt hressingarstopp á leiðinni þar sem Vífilfell ætlar að bjóða upp á létta hressingu. Svo verður haldið áfram og endar túrinn niðri á Kaffi Slipp. Þar verður boðið upp á veitingar á „happy hour" verði. Edda Björgvins leikkona mætir til þess að draga vinningshafa úr pottinum og eru vinningarnir hinir glæsilegustu, svo sem út að borða, heill dagur í spa, snyrtivörupakkar og ýmislegt fleira. Ég hvet allar konur til að mæta og um að gera fyrir vinkvennahópa, sauma- og frænkuklúbba að mæta, styrkja tengslin og gera eitthvað skemmtilegt saman. Svo verður hægt að færa sig yfir á Kaffi Marina seinna um kvöldið, þær sem vilja."

Hugmyndina fékk Birgitta í MBA-námi sínu og segir verkefnið tengjast því að gefa eitthvað áfram út í samfélagið. „Þar sem ég rek reiðhjólaverslunina Berlín ásamt manninum mínum fannst mér tilvalið að sameina þetta tvennt og búa til þennan viðburð," segir Birgitta.

Nánar má kynna sér viðburðinn á Facebook, Hjólum bæinn rauðan.



Birgitta Ásgrímsdóttir eigandi verslunarinnar Berlínar stendur fyrir hjólaviðburði til styrktar Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar. MYND/EYÞÓR

# Jafnlaunavottun:
## bjartari framtíð á vinnumarkaði

Vöxtur ráðgjöf er framsækið fyrirtæki sem hóf starfsemi sína á vormánuðum 2014. Þar starfa sérfræðingar sem búa yfir áratuga reynslu af mannauðsstjórnun bæði hjá hinu opinbera og á einkamarkaði. Jafnlaunavottun verður eitt af meginverkefnum fyrirtækja og stofnana á næstunni.

Við leggjum áherslu á að þjónusta okkar og ráðgjöf sé viðskiptavinum okkar virðisaukandi," segir Ágústa H. Gústafsdóttir framkvæmdastjóri. „Við höfum náið samstarf um þróun lausna með langtímasjónarmið að leiðarljósi. Við greinum tækifæri til framfara og eru verkefni okkar vel skilgreind með tilliti til markmiða og væntinga viðskiptavina."

Vöxtur ráðgjöf sérhæfir sig í þjónustu á sviði stjórnunar og mannauðslausna fyrir stofnanir ríkisins og fyrirtæki á almennum markaði. „Stefnumiðuð mannauðsstjórnun er sífellt að verða betur tengd meginstefnu fyrirtækja og stofnana og er grunnforsenda árangurs þeirra. Stjórnendur nýta sér markvisst aðferðir mannauðsstjórnunar í þeim tilgangi að öðlast skýrari sýn á lykilárangursþætti í starfseminni," segir Ágústa.

Spurð um áherslur í mannauðsmálum á komandi misserum segir Ágústa að jafnlaunavottun verði eitt af meginverkefnum fyrirtækja og stofnana: „Í kjölfar nýrra laga sem skylda fyrirtæki og stofnanir til jafnlaunavottunar erum við þegar farin að finna fyrir mikilli aukningu í þjónustu okkar á þessu sviði. Við leiðum viðskiptavini í gegnum ferlið, sem á tíðum getur verið flókið, og tryggjum farsæla innleiðingu jafnlaunastaðalsins."

Sérfræðingar Vaxtar búa yfir sérþekkingu á sviði jafnlaunavottunar og tók Ágústa meðal annars þátt í mótun staðalsins. „Stjórnendur leita til okkar til þess að mæta með skilvirkari hætti því umfangi sem felst í innleiðingu jafnlaunastaðalsins." Ágústa segir auknar kröfur gerðar um sérsniðnar lausnir sem taka mið af umhverfi og stöðu hvers fyrirtækis og stofnunar fyrir sig. „Í dag eru stjórnendur almennt meðvitaðir um þann árangur sem hlýst af virkri mannauðsstjórnun og samhliða því hafa kröfur þeirra um virðisaukandi þjónustu aukist. Við hjá Vexti ráðgjöf lítum svo á að mannauður viðskiptavina okkar sé hjartað í starfseminni og við vinnum á faglegum grunni að því að efla þann auð. Fjárfesting í sérþekkingu okkar skilar viðskiptavinum aukinni arðsemi og árangri."



„Við leiðum viðskiptavini í gegnum ferlið, sem á tíðum getur verið flókið, og tryggjum farsæla innleiðingu jafnlaunastaðalsins," segir Ágústa H. Gústafsdóttir, framkvæmdastjóri Vaxtar. MYND/EYÞÓR

> Í kjölfar nýrra laga sem skylda fyrirtæki og stofnanir til jafnlaunavottunar erum við þegar farin að finna fyrir mikilli aukningu í þjónustu okkar á þessu sviði. Ágústa H. Gústafsdóttir


20-50% afsláttur
af völdum vörum!
Stærðir 36-56
TILBOÐSDAGAR!
Fullt af frábærum sumarvörum á flottu tilboðsverði á tilboðsdögum dagana 19-28.júní. 30-40% afsláttur af úlpum, sumarjökkum og skóm
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
SKÓR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.36-41
SKÓR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.36-41
SKÓR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.36-41
PEYSA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
SKOKKUR ÁÐUR 3.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
JAKKI ÁÐUR 16.990 NÚ 11.890 st.36-56
TÚNIKA ÁÐUR 7.990 NÚ 990 st.46-56
BOLUR ÁÐUR 3.990 NÚ 990 ein stærð
BOLUR ÁÐUR 1.990 NÚ 1.490 st.S-XXXL
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st.36-56
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st.36-56
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Júdasar í Jökulfjörðum



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

> **Mér brá ekki sérlega þegar virtur, fyrrverandi forseti Alþingis tók að sér formennsku í hagsmunasamtökum sem miða að því að fylla sem flesta firði landsins mengandi laxeldi. Það er eðlilegt starfsframhald þeirra þingmanna, sem líta á hagsmunagæslu fyrir sérhópa sem megin tilganginn með þingsetu sinni.**

Sonur sæll, þú veist ekki af hve litlu viti einni þjóð er stjórnað," á Axel Oxenstierna, ríkiskanslari Svíþjóðar undir Gustav Vasa, að hafa sagt. Verandi sjálfur annar valdamesti maður ríkisins um áratuga skeið, getur hann varla hafa haft alla aðra en sjálfan sig í huga. Mig rámaði í þessi orð við birtingu loftlagsskýrslu Hagfræðideildar Háskólans.

Í kjölfar skýrslunnar birtust fréttir um stórtæk laxeldisáform bæði fyrir vestan og austan. Hugurinn reikaði um frækilegan afrekalista okkar í umhverfis-, loftlags- og auðlindamálum: ríkisstyrkta offramleiðslu lambakjöts, með tilheyrandi gróðureyðingu; náttúruspillandi uppistöðulón fyrir orkuver sem framleiða niðurgreitt rafmagn til mengandi stóriðju, sem sáralítinn virðisauka skilur eftir hérlendis; auk hamslausrar framræslu mýra. Þá hefur getuleysi ráðamanna undanfarinna ára til að ná tökum á átroðningi ferðafólks verið aumkunarvert. Upptalningin er ekki tæmandi. Umhverfismál okkar Íslendinga fá niðurlægjandi falleinkunn í skýrslunni, sama á hvaða mælikvarða er vegið. Við gerum sáralítið til að koma í veg fyrir fjölmengandi starfsemi á láði, í legi og í lofti. Þvert á móti. Framsýnt vit ráðamanna þjóðarinnar hefur lengi virst af skornum skammti. Náttúruvernd og loftslagsmál eru örlagamál heimsbyggðarinnar.

### Hagsmunabundin stjórnsýsla

Eitt af því sem ríkisstjórn Jóhönnu gerði og miðaði að því að ná víðtækari framtíðarsýn og sterkari stjórnsýslu var að sameina örsmá, vanmegnug hagsmunatengd ráðuneyti í stærri heildir. Fyrsta verk ríkisstjórnar B+D-flokkanna var hins vegar að færa það að hluta til baka og veikja þar með stjórnsýslu ríkisins. Nú heldur ný ríkisstjórn þessu skemmdarstarfi áfram og endurreisir gamla úrelta dómsmálaráðuneytið. Vakin er athygli á þessu, því ein af ástæðum skelfilegs ástands í umhverfis- og loftlagsmálum okkar er vanburða stjórnsýsla samfara pólitísku áhugaleysi.

Um þverbak keyrði þegar Sigurður Ingi, í upphafi ráðherradóms síns, ógilti nokkrar mikilvægar ráðstafanir í umhverfis- og náttúruverndarmálum sem búið var að ná samkomulagi um. Þetta gerði hann í nafni síns græna flokks. Það sagði allt um þau örlög sem biðu umhverfismálanna í þáverandi ríkisstjórn. Það sem eftir lifði stjórnartíma hennar lagðist alger sljóleiki og drómi yfir og um þennan málaflokk. Með nýjum ráðherra berast nú ferskir og uppörvandi vindar úr umhverfisráðuneytinu. Óvissa er þó, um styrk ráðherrans til að ná fram umdeildum en brýnum málum; starfsgetu þessa litla ráðuneytis og um metnað ríkisstjórnarinnar, þegar á hólminn er komið.

### Vits er þörf

Mér brá ekki sérlega þegar virtur, fyrrverandi forseti Alþingis tók að sér formennsku í hagsmunasamtökum sem miða að því að fylla sem flesta firði landsins mengandi laxeldi. Það er eðlilegt starfsframhald þeirra þingmanna, sem líta á hagsmunagæslu fyrir sérhópa sem megin tilganginn með þingsetu sinni. Það er öfugsnúið að þingmenn skuli eyða meiri tíma í að finna leiðir til að arðræna auðlindir þjóðarinnar en vernda þær og varðveita. Ég neita því þó ekki, að ég bjóst við meiri metnaði.

Ég hafði líka vænst þess að við lærðum af mistökum Norðmanna, en létum þá ekki ginna okkur enn einu sinni á foraðið. Dugði ekki að Norðmenn nánast útrýmdu hvölum við Íslandsstrendur og gengu af síldinni dauðri. Er nú komið að því að spilla hreinleika íslenskra fjarða? Það vita allir sem vilja, að sáralítill virðisauki verður eftir hérlendis af þessari starfsemi en bæði útgjöld og langvarandi mengun.

Við Íslendingar eigum mikla náttúruperlu sem við nefnum Friðland á Hornströndum. Þessi hluti landsins hefur verið friðaður um áratuga skeið. Land, vatn og sjór eru þar hrein og ómenguð. Frárennsli frá byggð er hverfandi og engin vélknúin umferð. Nú skal bundinn hér endi á. Framkvæmdastjóri eins laxeldisfyrirtækisins tjáði sig í blaðaviðtali um hve ákjósanlegt væri að hefja laxeldi í Jökulfjörðum. Mig hryllti við. Gefa ágengni og fégræðgi engin grið? Er hamsleysi okkar gagnvart náttúru landsins óstöðvandi? Nú reynir á vilja og metnað ráðamanna. Ætla Alþingi og ríkisstjórn að sitja aðgerðalaus hjá eða koma í veg fyrir ósómann? Vonandi tilheyrir það fortíðinni að þjóðinni sé stjórnað af litlu og skammsýnu viti.

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt að leika sér

# Stigmögnun stríðsaðgerða

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson

Þá er fólk búið að hrópast á um hríð yfir víglínurnar, þau sem eru andvíg vopnaburði og saka sérsveit lögreglustjórans um að bjóða upp á gæsagang og hersýningar á 17. júní – og svo hin sem saka friðarsinna um næfisma og útlendingasleikjuhátt. Og öllum heitt í hamsi. Þetta er stórmál hvernig sem á það er litið og eðlilegt að sterkar tilfinningar vakni á báða bóga.

Það er eflaust rétt hjá ríkislögreglustjóra að við þurfum að hafa varann á hér á landi vegna þeirrar hryðjuverkaógnar sem ríkir í heiminum, og þá sérstaklega í löndum múslima, enda ISIS-liðar sérlega iðnir við að drepa múslima – en líka í Evrópu – nágrenni okkar. Heimurinn er skroppinn saman; Ísland er hluti af heimstorgunum.

Enn meiri ógnir grúfa samt yfir okkur: fyrst og fremst af völdum náttúruaflanna – verði gos eða flóð – að ekki sé talað um sjálfskaparvíti mannsins, loftslagsvandann, þar sem Íslendingar verða undireins að reka af sér slyðruorðið og einhenda sér í að standa við loforð sín: takist landsmönnum að virkja dugnaðinn og hópeflið séríslenska geta þeir gert kraftaverk. En þá mega afneitunarsinnar og bensínistar ekki hafa áhrif á stefnuna.

### Vopnaburður á almannafæri

En sem sé: hryðjuverkaógnin. Ríkislögreglustjóri ákvað að gera sérsveitina að miðju atburða í nýlegu litahlaupi og aftur á 17. júní; að því er virðist til að sýna að hér væru vopnaðir menn til varnar, kæmi til árása. Þessu má þannig líkja við nokkurs konar hersýningu.

Þetta vakti sterk viðbrögð sem ekki má gera lítið úr, því að þetta snertir sjálfan kjarnann í sjálfsmynd okkar sem friðsællar og vopnlausrar smáþjóðar, „fjarri heimsins vígaslóð" eins og Þórlindur Kjartansson dró fram í ágætri grein í Fréttablaðinu 16. júní – og dugir þá lítið að romsa upp tölum um útbreidda eign á kindabyssum. Þetta er hugmynd okkar um sjálf okkur, enda notum við ekki vopn til að tjá okkur eða gera út um mál heldur þrösum út í það óendanlega; sjáist maður veifa vopni er sérsveit óðara send til að afvopna kauða. Vopnleysið er líka verðmæt ímynd sem fólk af öðrum þjóðum hefur af okkur, og dáir okkur fyrir. Það er því nokkru fórnað þegar ákveðið er að hafa vopnaða menn mjög sýnilega við hvert fótmál á útihátíðum, án sjáanlegs tilefnis.

Vopnaburður breytir í grundvallaratriðum yfirbragði samkomu, færir hugsanlega ógn að miðjunni, það dimmir yfir öllu, við fáum skýr skilaboð um að okkur beri að óttast. Vopnin höfðu kannski fælingaráhrif á 17. júní – að minnsta kosti missti ég alla löngun til að fara í bæinn – en því má ekki gleyma að heilaþvegnir menn sem leggja til atlögu við mannfjölda hafa það meginmarkmið að vera drepnir sjálfir. Og kunna því að laðast að vopnunum …

> **Hér eru ekki fjölmennir hópar ungra karlmanna sem eru atvinnulausir og fullir af fánýtiskennd og ólund og útsettir fyrir andfélagslegum hugmyndum.**

### Besta forvörnin

Fátt var nefnt sem ástæða þessa vopnaburðar en nýleg hryðjuverk í London voru nefnd. Almennt talað verður þó að segjast að mikið skortir á að félagslegar og menningarlegar forsendur séu fyrir slíkum óhæfuverkum hér á landi. Hér eru ekki fjölmennir hópar ungra karlmanna sem eru atvinnulausir og fullir af fánýtiskennd og ólund og útsettir fyrir andfélagslegum hugmyndum. Hugmyndafræði herskárra jaðarhópa sem nota islam til að eitra samfélögin hefur ekki náð fótfestu hér á landi, svo að heitið geti. Múslimar starfa í ýmsum öðrum félögum og eru upp til hópa góðir og gegnir borgarar, þó að sjálfsagt séu alls konar menn þar eins og í öðrum hópum.

Það er hins vegar sjálfsagt mál að ræða hryðjuverkaógn, horfast í augu við hana og bregðast við henni áður en hún leiðir til harmleiks.

Fyrirbyggjandi aðgerðir skipta þar sköpum. Þar skiptir máli að bregðast hart við hugmyndafræði haturs og ofbeldis, hvar og hvernig sem hún birtist okkur, að hverjum sem hún beinist og hver sem hana boðar. Þar skiptir líka máli taka vel á móti fólki og leitast við að láta því finnast að hér sé samfélag sem það geti verið partur af, það geti gert gagn og það geti skapað sér og sínum góða tilveru. Þetta er hvorki flókið né sérlega erfitt: snýst einfaldlega um mannasiði, almenna kurteisi, óáreitni. Við þurfum að gera okkur í hugarlund hvernig það eiginlega sé að vera ungur karlmaður, asískur í útliti, og þurfa kannski oft á dag að afsanna að vera terroristi.

Besta forvörnin er samt sú að hér sé sæmilegt samfélag þar sem fólk geti lifað í friði við aðra, haft það þokkalegt, sinnt skemmtilegri vinnu og fengið sómasamleg laun fyrir, aflað sér góðrar menntunar, átt gæðastundir í góðra vina hópi. Velferðarsamfélagið er besta forvörnin gegn hryðjuverkum; opin og lýðræðisleg, þróttmikil og kurteisleg umræða, gott skólakerfi, sterkt heilbrigðiskerfi – friðsæld og öflugt menningarlíf – allt er þetta miklu betur til þess fallið að koma í veg fyrir að hér verði til hryðjuverkamenn en vopnaðar lögreglusveitir.

Stefna um veitinga- og gististaði

Velkomin á opinn kynningarfund um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur, miðvikudaginn 21. júní kl. 17:00, í Borgartúni 12-14.

Efni fundarins:
**Gildandi stefna um veitinga- og gististaði:**
Hvaða atriði aðalskipulagsins eru til endurskoðunar og forsendur breytinga
**Breytingartillögur:**
Drög að breyttum heimildum um veitinga- og gististaði eftir landnotkunarsvæðum
**Umræður**

Fundurinn er haldinn í Borgartúni 12-14, á 7. hæð og er gengið inn um eystri inngang.

**Allir velkomnir**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið






Íslensku landsliðsmennirnir fagna sigrinum góða á Úkraínumönnum í Laugardalshöllinni í gær og sætinu á tíunda Evrópumótinu í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fóru fjallabaksleiðina á EM

**Strákarnir okkar verða með á EM í Króatíu í upphafi næsta árs. Það varð ljóst eftir sannfærandi sigur á Úkraínu, 34-26. Þetta var hreinn úrslitaleikur um sæti á EM og pressan dró fram það besta í íslenska liðinu.**

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar voru með bakið upp við vegginn í Laugardalshöll. Ég hitti marga stressaða menn fyrir leik sem höfðu miklar áhyggjur af leiknum. Skiljanlega. Spilamennska strákanna í riðlakeppninni hafði verið þannig að áhyggjur voru vel skiljanlegar.

Það mátti samt sjá strax í upphafi leiksins að strákarnir ætluðu aldrei að tapa honum. Gríðarlega grimmir og beittir. Skytturnar höfðu talsvert að sanna eftir slakan leik í Tékklandi og þær voru fljótar að svara gagnrýni, sérstaklega Ólafur Guðmundsson sem fór mikinn, og Aron Pálmarsson var í yfirvinnu við að mata félaga sína. Sóknarleikurinn hefur verið mikill hausverkur í riðlakeppninni en hann small loksins almennilega á ögurstundu.

„Við gerðum smá áherslubreytingar. Um leið og strákarnir sáu sig á myndbandi og hvað þeir voru að gera vitlaust. Þegar þeir fóru að hreyfa sig rétt þá fengum við færin sem við þurftum. Þetta voru svo sem engin geimvísindi,“ segir Geir Sveinsson landsliðsþjálfari.

Munurinn var fimm mörk í hálfleik, 18-13, og strákarnir héldu áfram á sömu braut og svo gott sem gengu frá leiknum. Þeir voru farnir að drífa sig um of á kafla og voru næstum búnir að hleypa Úkraínu inn á ný. Geir greip nógu snemma í taumana. Róaði mannskapinn og strákarnir sigldu þessu heim.

„Auðvitað er þungu fargi af mér létt. Við förum fjallabaksleiðina eins og svo oft áður. Þó svo við höfum trú og heimavöll þá er ekkert gefið í þessu. Það hefði verið martröð að tapa þessu en við klárum þetta einstaklega vel og ég er mjög stoltur af drengjunum,“ segir Geir og má vera það enda lífsnauðsynlegt fyrir íslenskan handbolta að halda landsliðinu á stórmótum. Svona sannfærandi sigrar hafa heldur ekki komið á færibandi og ánægjulegt að sjá hvað liðið getur þegar hlutirnir ganga upp.

## 10

**Íslendingar hafa komist á 10 Evrópumót í röð.**

Engu að síður er enginn glæsibragur yfir því hvernig liðið kemst á EM sem besta liðið í þriðja sæti. Það hefur gengið á ýmsu í þessari undankeppni.

„Það hefur heldur betur gefið á bátinn. Það er mikill munur á leik okkar heima og úti. Það er samt orðinn betri bragur á þessu öllu. Það var mjög dýrmætt fyrir þetta lið að spila á HM síðasta janúar. Það voru allir með viljann að vopni í þessum leik. Að við séum komnir inn á mót í þessum umbreytingum finnst mér stórkostlegt. Það er ekki sjálfgefið,“ segir Geir en liðið vann í andlega þættinum fyrir leikinn er Viðar Halldórsson heimsótti liðið.

„Hann kom með fína ræðu og við fórum svolítið í grunninn og gildin. Þetta hljómar oft einfalt en það þarf stöðugt að minna menn á þetta,“ segir Geir sem er á leið á EM í fyrsta skipti á ferlinum. „Það var ekki búið að finna upp EM er ég spilaði. Ég er orðinn það gamall,“ sagði þjálfarinn kátur og hló. henry@frettabladid.is

GERPLA

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu verður haldinn í dag, 19. júní.

Fundurinn fer fram í félagsaðstöðu Gerplu á annarri hæð í Versölum og hefst kl. 18:30.

Hefðbundin aðalfundarstörf
Stjórn Gerplu

Ath. fundurinn verður pappírslaus, fundargögn má nálgast á netinu.

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Valur - KA 1-0**
1-0 Sjálfsmark (2.).
**Rautt spjald:** Bjarni Ó. Eiríksson, Valur (61.).

**Grindavík - ÍBV 3-1**
1-0 Andri Rúnar Bjarnason (4.), 2-0 Sam Hewson (23.), 3-0 Andri Rúnar (40.), 3-1 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (61.).
**Rautt spjald:** Kaj Leo í Bartalsstovu, ÍBV (90+1.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 8 | 6 | 1 | 1 | 14-7 | 19 |
| Grindavík | 8 | 5 | 2 | 1 | 14-10 | 17 |
| Stjarnan | 7 | 4 | 1 | 2 | 16-10 | 13 |
| KA | 8 | 3 | 3 | 2 | 14-9 | 12 |
| FH | 7 | 2 | 4 | 1 | 14-10 | 10 |
| Víkingur R. | 7 | 3 | 1 | 3 | 11-11 | 10 |
| ÍBV | 8 | 3 | 1 | 4 | 10-15 | 10 |
| Breiðablik | 7 | 3 | 0 | 4 | 11-14 | 9 |
| Fjölnir | 7 | 2 | 2 | 3 | 6-9 | 8 |
| KR | 7 | 2 | 1 | 4 | 9-12 | 7 |
| ÍA | 7 | 1 | 1 | 5 | 13-17 | 4 |
| Víkingur Ó. | 7 | 1 | 1 | 5 | 7-15 | 4 |

**Inkasso-deildin**

**Selfoss - Leiknir F. 2-0**
1-0 James Mack (59.), 2-0 Kristinn Sölvi Sigurgeirsson (74.).

**Undankeppni EM 2018**

**Ísland - Úkraína 34-26**
**Mörk Íslands:** Guðjón Valur Sigurðsson 8/3, Ólafur Guðmundsson 5, Aron Pálmarsson 5, Rúnar Kárason 4, Arnar Freyr Arnarsson 4, Ásgeir Örn Hallgrímsson 4, Ómar Ingi Magnússon, Arnór Þór Gunnarsson, Bjarki Már Gunnarsson 1, Janus Daði Smárason 1.
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 15.

**Tíunda Evrópumótið framundan hjá handboltanum. Magnaður árangur og hann lifir. Nú verður hægt að byggja þetta upp. Eina.**

Guðjón Guðmundsson
**@gaupinn**

NÝJA METIÐ STRAX Í HÆTTU
Aníta Hinriksdóttir var mjög nálægt því að slá fjögurra daga gamalt Íslandsmet sitt í 800 m hlaupi á Demantamóti í Stokkhólmi í gær. Aníta kom í mark á 2:00,06 en metið sem hún setti á fimmtudaginn er 2:00,05. Hún var því eins nálægt því að bæta nýja metið og hægt er.




Síðasta vika var frábær hjá Anítu. Þarsíðasta sunnudag sló hún 30 ára gamalt Íslandsmet í 1500 m hlaupi, bætti eigið met í 800 m hlaupi á fimmtudaginn og var svo hársbreidd frá því að slá það í gær.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.45 | **Pepsi-mörk kvenna** | Sport |
| 19.05 | **FH - Víkingur R.** | Sport 2 |
| 19.45 | **KR - Breiðablik** | Sport |
| 22.00 | **Pepsi-mörkin** | Sport |
| 23.25 | **Síðustu 20** | Sport |

**Pepsi-deild karla**
19.15 **FH - Víkingur R.**
19.15 **Víkingur Ó. - Stjarnan**
19.15 **ÍA - Fjölnir**
20.00 **KR - Breiðablik**




ÍSLENSKA/SIA.IS DAL 84880 06/17

# Tækifæri til framtíðar

Við hjálpum unga fólkinu að koma auga á þá hæfileika sem það býr yfir og yfirstíga það sem heldur aftur af því. Við hvetjum þátttakendur á námskeiðinu til að taka stærri skref, setja sér skýr markmið, virkja sköpunarkraftinn og nýta áhrif sín. Við hjálpum þeim að styrkja þau sambönd sem skipta mestu máli og aukum færni þeirra í samskiptum til að geta áunnið sér traust og skapað tækifæri til framtíðar.

| Námskeið framundan | Hefst | Fyrirkomulag | Tími |
|---|---|---|---|
| 10–12 ára (5.–7. bekkur) | 27. júní | 8 virkir dagar í röð | 9:00–13:00 |
| 10–12 ára (5.–7. bekkur) | 9. ágúst | 8 virkir dagar í röð | 9:00–13:00 |
| 13–15 ára (8.–10. bekkur) | 9. ágúst | 8 virkir dagar í röð | 14:00–17:30 |
| 16–19 ára (Menntaskóli) | 9. ágúst | Tvisvar í viku | 18:00–22:00 |
| 20–25 ára (Háskóli/vinnumarkaður) | 8. ágúst | Tvisvar í viku | 18:00–22:00 |

**Ókeypis kynningartímar í Ármúla 11**

| | | |
|---|---|---|
| 10–15 ára | 19. júní, 12. júlí og 3. ágúst | kl. 19.00 til 20.00 |
| 16–25 ára | 19. júní, 12. júlí og 3. ágúst | kl. 20.00 til 21.00 |

Skráning á **www.dale.is/ungtfolk**
Sími 555 7080

Dale Carnegie

## Merkisatburðir

**1794** Hið íslenska landsuppfræðingafélag er stofnað á Þingvöllum.

**1840** Þrír Íslendingar, sem lögðu af stað frá Eyrarbakka 12. maí, koma til Quebec í Kanada. Þetta er talið upphaf fólksflutninganna miklu frá Íslandi til Vesturheims.

**1862** Bandaríska þingið bannar þrælahald á bandarískri grund.

**1911** Norska fótboltaliðið Molde FK er stofnað.

**1915** Konur fá kosningarétt og kjörgengi sem fyrst í stað miðast við fjörutíu ára og eldri.

**1920** Kvikmyndahúsið Nýja bíó tekur í notkun nýbyggt hús við Lækjargötu í Reykjavík.

**1926** Benedikt G. Waage er kosinn forseti Íþróttasambands Íslands.

**1954** Leikkonan Kathleen Turner fæðist.

**1961** Kúveit lýsir yfir sjálfstæði frá Bretlandi.

**1966** Stjórnmálaflokkurinn Shiv Sena á Indlandi er stofnaður í Mumbai.

**1967** Hallveigarstaðir við Túngötu í Reykjavík eru vígðir.

**1980** Minnisvarði um Jóhann Sigurjónsson er afhjúpaður á Laxamýri í Þingeyjarsýslu á aldarafmæli skáldsins.

**1987** Útvarpshúsið við Efstaleiti í Reykjavík tekið í notkun.

**1990** Konur fjölmenna í Alþingishúsið til að halda upp á 75 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.



Við sendum innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts elskulegs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Steins Jónssonar**

skipstjóra,
Eskifirði.

**Stefanía Árnadóttir og fjölskylda.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Fjóla Guðmundsdóttir**

frá Hólmavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir aðfaranótt mánudagsins 12. júní sl. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 22. júní kl. 15.

**Örn Leós Stefánsson** — **Þóranna Héðinsdóttir**
**Þórhildur Ýr Arnardóttir**
**Stefán Örn Arnarson** — **Kristrún Hafþórsdóttir**
**Alda Björk Arnardóttir**
**Óli Jóhann Níelsson** — **Guðrún Pálína Jónsdóttir**
**Hafdís Svava Níelsdóttir** — **Gunnar J. Gunnarsson**
**og langömmubörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorsteinn Pétursson**

frá Hömrum í Reykholtsdal,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 14. júní. Útför hans fer fram frá Reykholtskirkju mánudaginn 26. júní kl. 14.00.

**Pétur Þorsteinsson**
**Ágúst Þorsteinsson** — **Anna Þórunn Halldórsdóttir**
**Kári Þorsteinsson** — **Sigrún Gunnarsdóttir**
**Guðbjörg Þorsteinsdóttir**
**Jakob Þorsteinsson** — **Íris Arnadóttir**
**Skúli Þorsteinsson** — **Lilja Þrastardóttir**
**Sigrún A. Þorsteinsdóttir** — **Helgi Þór Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Meðal þess sem Rimmugýgur gerir er að sviðsetja víkingabardaga og almennt víkingatíma.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fagna 20 árum af sviðsetningu víkingabardaga

**Víkingafélagið Rimmugýgur er elsta og eitt stærsta félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga hér á landi. Stefnt er að því að halda afmælishátíð þess í ágúst.**

Víkingafélagið Rimmugýgur fagnaði á dögunum þeim áfanga að tuttugu ár voru liðin frá því að félagið var formlega stofnað við Öxarárfoss á Þingvöllum þann 7. júní 1997.

Rimmugýgur er félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga. Tilgangur félagsins er að stuðla að auknum áhuga á víkingatímabilinu og uppruna þjóðarinnar.

„Við byrjuðum í raun árið 1996, það var Víkingahátíð Hafnarfjarðar árið 1995 sem kveikti áhugann hjá okkur. Við byrjuðum 1996 og tókum þátt í okkar fyrstu hátíð árið 1997 og þá stofnuðum við þetta félag formlega,“ segir Hafsteinn Kúld Pétursson, formaður félagsins.

„Það eru um 200 manns sem hafa komið að þessu félagi, virkir félagar núna eru milli 110 og 120. Það eru fleiri svona félög á ferli, en við erum elsta og trúlega stærsta félagið,“ segir Hafsteinn.

Félagið sviðsetur víkingatíma. „Við gerum það með handverki og bardögum og því sem til fellur. Við erum með útbúinn fatnað sem á að endurspegla þennan tíma,“ segir Hafsteinn.

„Við störfum allt árið. Til að geta sviðsett bardaga án þess að drepa einhvern í alvöru þá þurfum við að æfa og við æfum tvisvar í viku allt árið. Þetta er ágætis íþrótt til að halda sér í formi,“ segir Hafsteinn.

Æft er í bílakjallaranum undir verslunarmiðstöðinni Firði. En bogmenn æfa svo einu sinni í viku í Bogfimisetrinu. Þeir sem fást við handverk hafa svo aðstöðu til þess. „Það er hellings umstang í kringum þetta og mikið líf í þessu félagi,“ segir Hafsteinn.

Stefnt er að því að halda upp á afmæli félagsins þann 8. til 13. ágúst á Víðistaðatúni og hefur félagið óskað eftir aðstoð Hafnarfjarðarbæjar vegna þessa.

Í erindi til bæjarins segir að félagið vilji halda veglega afmælishátíð og bjóða fólki frá öðrum víkingafélögum á Íslandi og erlendum vinum að fagna með sér. Félagið hyggst hafa opið almenningi um helgina 11. til 13. ágúst án endurgjalds. Félagið fer meðal annars fram á leyfi til að vera á Víðistaðatúni, grafa eldgryfjur og kveikja elda. Bæjarráð hefur tekið jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að vinna að málinu. **saeunn@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 19. JÚNÍ 1994

## Björk heldur sína fyrstu sólótónleika á Íslandi

Söngkonan Björk Guðmundsdóttir hélt tónleika í Laugardalshöll þann 19. júní árið 1994 á Listahátíð í Reykjavík en þetta voru fyrstu sólótónleikar hennar í Reykjavík síðan hún sló í gegn erlendis án hljómsveitarinnar Sykurmolanna sem lagði upp laupana árið 1992.



Tónleikarnir voru haldnir af Smekkleysu í samvinnu við Morgunblaðið og var það hljómsveitin Bubble flies sem sá um að hita upp. Björk sagði í viðtali við Morgunblaðið fyrir tónleika að þetta væru mikilvægustu tónleikar hennar til þessa, enda hafði hún ekki áður komið fram með eigin lög og eigin hljómsveit.

Björk tók lag af fyrstu sólóplötu sinni, Debut, sem kom út árið 1993 og fékk dúndurgóða dóma. Q gaf plötunni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og NME níu stig af tíu. Fjölmörg lög af Debut hafa lifað góðu lífi, þar á meðal Venus as a Boy, Human Behaviour og Aeroplane, en Björk söng öll lögin á íslensku þótt hún hafi upprunalega gefið þau út á ensku.

Árni Matthíasson dæmdi tónleikana fyrir Morgunblaðið á sínum tíma og mærði Björk fyrir þetta. „Tónleikar Bjarkar voru afbragðs dæmi um það að þrátt fyrir heimsfrægðina hefur hún ekki glatað niður þeim metnaði að vera íslenskur listamaður, eins og hún hefur alla tíð sannað. Vissulega hefði verið auðveldara fyrir hana að syngja á ensku, líkt og hún hefur gert á tónleikum sínum hingað til, sem allir hafa verið erlendis, en það er dæmigert fyrir Björk Guðmundsdóttur að fara ekki auðveldustu leiðina, heldur að fara þá leið sem er trúverðug og sönn,“ skrifaði Árni meðal annars.




Þriðja sería af þessum frábæru þáttum þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

1817 | 365.IS | 365








# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. JÚNÍ 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Bríet Bjarnhéðinsdóttir heiðruð
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Hólavallakirkjugarði
Blómsveigur verður lagður að leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur á kvenréttindadegi íslenskra kvenna. Forseti borgarstjórnar leggur blómsveiginn að leiðinu og flytur stutt ávarp. Ragnheiður Gröndal flytur tónlist. Viðburðurinn er haldinn í Hólavallakirkjugarði við Suðurgötu og það er öllum velkomið að koma og eiga hátíðlega stund í minningu Bríetar og réttindabaráttu kvenna.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Tomorrow's Leadership
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Hörpu
Tomorrow's Leadership er spennandi og öðruvísi ráðstefna þar sem frumkvöðlar og leiðtogar úr mismunandi áttum samfélagsins, viðskiptalífinu, menntakerfinu, kirkjunni, íþróttum og víðar, setja fókusinn á framtíðina. Anna Steinsen, dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir, sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og Kristján Ómar Björnsson munu deila með okkur framtíðarsýn sinni og visku á opinn og einlægan hátt. Að auki koma tveir erlendir gestir sem munu deila með okkur sinni sýn á leiðtogahæfni framtíðarinnar, þau dr. Vikki Brock og Tiger Singleton, Tigmonk. Miðaverð er 19.000 krónur.

**Hvað?** Málþing um taugamálfræði
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Háskólatorgi
Verkefnið Heili og tungumál: taugamálfræði og samspil setningagerðar og merkingar í íslensku, fékk þriggja ára RANNÍS-styrk 2016. Ætlunin er að gera allmargar íhlutandi rannsóknir til að kanna samspil upplýsinga á sviði setningagerðar, beygingar, merkingar og hljóðfalls í íslensku. Í tilefni af komu alþjóðlegs ráðgjafarhóps verkefnisins hingað til lands verður haldið opinbert málþing til að efla skilning á taugamálfræði á Íslandi. Colin Phillips, prófessor



Bríet Bjarnhéðinsdóttir verður heiðruð í dag í Hólavallakirkjugarði.

við háskólann í Maryland, fjallar um rannsóknir á heila og tungumáli í víðara samhengi. Christina Gagné og Thomas Spalding, sem bæði eru prófessorar við Albertaháskóla, skýra frá rannsókn á úrvinnslu upplýsinga í samsettum orðum. Loks mun innlendi rannsóknarhópurinn segja frá vinnu við greiningu á samsettum orðum í íslensku og kynna fyrstu niðurstöður úr þeim rannsóknum sem nú er unnið að. Fyrirlestrarnir verða á ensku.

### Námskeið

**Hvað?** Það besta sem hefur komið fyrir heiminn eru únglingar
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hafnarhúsi
Fimm daga spunaleikhús og listsmiðja fyrir ungmenni á aldrinum 13-16 ára. Á námskeiðinu verða ýmsar tilraunir gerðar með ólík listform. Unnið verður út frá sviðslistum, gjörningum, dansi og leiklist, og í lok námskeiðsins verður haldin sýning í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu. Leiðbeinandi er Una Margrét Árnadóttir myndlistarmaður. Þátttakendur fá innsýn í heim sviðslista með þjálfun í frjálsri tjáningu og koma fram í öruggu umhverfi og góðum félagsskap. Aðalatriðið er að hafa gaman í skemmtilegum hóp og þá getur allt gerst! Verð er 16.000 krónur og skráning á vefsíðu.

**Hvað?** Málarasmiðja fyrir 10-12 ára
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Hvernig málar maður alvöru málverk ? Fimm daga námskeið ætlað byrjendum í málaralist þar sem farið er í undirstöður listmálunar. Nemendur fá innsýn í ævintýralegan heim málarans, hvernig maður töfrar fram alla regnbogans liti



Árelía Eydís er ein þeirra sem halda erindi á Tomorrow's Leadership í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

með litafræðinni og hvernig maður býr til ljós og skugga í mynd. Nemendur fá að skoða mismunandi tækni og áhöld, heyra sögur af listamönnum og auðvitað að mála sitt eigið málverk. Allur efniviður er innifalinn í verðinu. Leiðbeinandi er Halldór Ragnarsson myndlistarmaður. Þátttakendur þurfa að mæta í fötum sem mega fá slettur á sig og gott að hafa smá hressingu meðferðis. Skráning á vefsíðu og verð er 16.000 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Icelandic Sagas The Greatest Hits
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Hörpu
Tveir af frambærilegustu leikurum þjóðarinnar, Jóhann Jóhannsson og Lilja Nótt , kynna brot af því besta úr Íslendingasögunum á 75 mínútum. Stórskemmtileg leikhúsrússíbanareið í gegnum þjóðararf íslensku fornbókmenntanna. Flestir geta verið sammála um að Íslendingasögurnar séu stórbrotnar sögur af dugandi mönnum og djörfum konum. Rúmlega þúsund ára gamlar frásagnir af strandhöggi erlendis og blóðhefndum heima fyrir. Sögur sem gengið hafa mann fram af manni og varðveist á skinnhandritum.


Góða skemmtun í bíó









# DAGSKRÁ

# Mánudagur




## FEÐGAR Á FERÐ

Þriðja þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki. Í þessum fyrsta þætti heimsækja feðgarnir tvær hressar konur á Eyrarbakka sem eru orðnar 97 ára gamlar og kalla ekki allt ömmu sína.

MAGNAÐ MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

## PROPERTY BROTHERS AT HOME

Bræðurnir Jonathan og Drew Scott eru mættir hér í glænýrri seríu þar sem fasteignir eru teknar í gegn að innan sem utan.



## CARDINAL

Magnaður lokaþáttur þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme freista þess að leysa sérlega flókið og ofbeldisfullt sakamál.




## VICE

Ferskir og vandaðir fréttaþættir frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.



## FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT

Hörkuspennandi mynd þar sem leikurinn færist á hraðbrautir Tókýóborgar þar sem óforskammaðir bílaþjófar láta greipar sópa.



## WHO DO YOU THINK YOU ARE?

Afar áhugaverðir þættir þar sem þekktum einstaklingum er gefinn kostur á að rekja ættir sínar langt aftur og komast að ýmsu áhugaverðu um forfeður sína.




## BARNAEFNI ALLA DAGA KL. 07:00-20:30

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are
**11.05** Drop Dead Diva
**11.45** The Comeback
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.10** Britain's Got Talent
**14.35** Britain's Got Talent
**15.40** Britain's Got Talent
**16.05** The Middle
**16.30** **The Simpsons** Átjánda og nýjasta þáttaröð langlífustu og einnar allra færsælustu gamanþáttaraðar í sögu sjónvarpsins. Lísa hjálpar Moe að finna skáldið í sér og þegar þessi geðþekki barþjónn slær óvænt í gegn verður hann mál málanna í bókmenntaheiminum og besti vinur stóru rithöfundanna, á borð við Tom Wolfe, Gore Vidal og Michael Chabon.
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** **Ísland í sumar** Fjölbreyttur frétta- og mannlífsþáttur í léttum dúr þar sem þrautreyndir dagskrárgerðarmenn Stöðvar 2 fjalla um alla heima og geima. Allt frá takkaskóm og torfæru til heyskapar og hektara
**19.20** **Feðgar á ferð** Þriðja þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki sem á það sameiginlegt að hafa einstaklega jákvæða sýn á lífið. Eins og þeim einum er lagt ná feðgarnir alltaf að líta á björtu hliðarnar og hafa sérstaka hæfileika til þess að draga það besta úr hversdagsleikanum.
**19.45** **Property Brothers at Home** Stórskemmtilegir þættir með bræðrunum Jonathan og Drew Scott. Hér fylgjumst við með þeim takast á við sitt stærsta verkefni hingað til en það er að ráðast í stórkostlegar endurbætur á eigin heimili í Las Vegas. Í hverjum þætti taka þeir fyrir eitt verkefni og sjón er sögu ríkari því húsið er sérlega reisulegt og þeir leggja allt sitt í framkvæmdina.
**20.35** Cardinal
**23.05** Vice
**23.35** Veep
**00.10** Better Call Saul
**00.55** The Leftovers
**01.55** Outsiders
**02.45** The Mentalist
**03.30** Battle Creek
**04.15** The Class of '92

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55** Valur - KA
**09.35** ÍR - Keflavík
**11.15** Golden State - Cleveland. Leikur 5
**13.50** Tenerife - Cadiz
**15.30** Breiðablik - Stjarnan
**17.10** Valur - KA
**18.50** Pepsímörk kvenna
**19.45** KR - Breiðablik
**22.00** Pepsímörkin
**23.25** Síðustu 20
**23.45** Pepsímörk kvenna
**00.45** FH - Víkingur R.

## STÖÐ 3

**17.30** Raising Hope
**17.55** The New Girl
**18.15** Mindy Project
**18.40** Modern Family
**19.05** Ástríður
**19.30** Stelpurnar
**19.55** Who Do You Think You Are? UK
**21.00** Pretty Little Liars
**21.45** Legit
**22.10** Game Of Thrones
**23.05** The Brink
**23.35** Sleepy Hollow
**00.20** Ástríður
**00.40** Stelpurnar
**01.05** Who Do You Think You Are? UK
**02.05** Pretty Little Liars
**02.50** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Lína langsokkur
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Víkingurinn Viggó
**08.11** Zigby
**08.25** Stóri og Litli
**08.38** Ljóti andarunginn og ég
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Lína langsokkur
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Víkingurinn Viggó
**12.11** Zigby
**12.25** Stóri og Litli
**12.38** Ljóti andarunginn og ég
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Lína langsokkur
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Víkingurinn Viggó
**16.11** Zigby
**16.25** Stóri og Litli
**16.38** Ljóti andarunginn og ég
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Vaski grísinn Baddi



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 9.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** US Open
**14.00** Meijer LPGA Classic
**18.00** US Open

## BÍÓSTÖÐIN

**11.25** Baddi í borginni
**13.00** Tammy
**14.40** Almost Famous
**16.40** Baddi í borginni
**18.15** Tammy
**19.55** **Almost Famous** Dramatísk gamanmynd frá árinu 2000 sem fjallar um William Miller, sem er heppnari en flestir aðrir. Hann er bara 15 ára en samt hefur honum verið falið að skrifa grein í Rolling Stone. William ætlar að fjalla um líf meðlima í frægri rokksveit og heldur af stað með stjörnunum í tónleikaferðalag. Það gerist margt á bak við tjöldin og William upplifir ótrúlegustu hluti. Patrick Fugit og Kate Hudson fara meðal annars með hlutverk.
**22.00** Fast and the Furious. Tokyo Drift
**23.45** **The Man from U.N.C.L.E.** Hörkuspennandi og glettilega góð mynd frá 2015 með þeim Henry Cavill, Armie Hammer og Alicia Vikander í aðalhlutverkum. Þegar illviljaðir glæpamenn komast yfir kjarnorkusprengju sem þeir hyggjast nota til að ná heimsyfirráðum neyðast fyrrverandi andstæðingarnir Napoleon Solo og Illya Kuryakin til að snúa bökum saman.
**01.40** Red
**03.30** Fast and the Furious. Tokyo Drift

## RÚV

**14.50** Ástralía - Þýskaland
**16.55** Eldhugar íþróttanna
**17.20** Golfið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.12** Hundalíf
**18.14** Róbert bangsi
**18.24** Skógargengið
**18.35** Undraveröld Gúnda
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Ofurskynjun dýranna
**20.30** Eldhugar íþróttanna
**21.00** Dicte
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Seymour Bernstein
**23.40** Mótorsport
**00.10** Vitni
**01.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Chasing Life
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Top Gear. The Races
**14.40** Psych
**15.25** Black-ish
**15.50** Royal Pains
**16.35** King of Queens
**17.00** The Millers
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Superstore
**20.15** Top Chef
**21.00** APB
**21.45** Shades of Blue
**22.30** Nurse Jackie
**23.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# ÚTSALA

## 15-60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

**20% afsl.**
af PRIMA möppuhillum og skápum

**20% afsl.**
af sérpöntuðum sófum og gestastólum
Sérstaklega gerðir fyrir fyrirtæki, stofnanir og hótel

**30% afsl.**
af heilsukollum

**15% kynningarafsl.**
af öllum nýjum vörum

**40-60% afsl.**
af völdum vörum

*Á ekki við um PRIMA rafmagnsborð

# Hirzlan

Þið finnið okkur á Facebook

*Gæði, stöðuleiki og skilvirkni í 24 ár*

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

## 30-60% afsl. af öllum stólum




ALUMEDIC 5
197.800 kr.
**118.600 kr.**




LADY SITNESS
129.000 kr.
**64.950 kr.**




TOP PRO
32.900 kr.
**12.900 kr.**




XPANDER
107.500 kr.
**69.500 kr.**

MYNDFORM GRAFÍK

DORMA KYNNIR

SIMBA®



Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |




Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á
**www.simbasleep.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast



**Ása Baldursdóttir formaður og Dagbjört Hákonardóttir varaformaður eru forfallnir aðdáendur Skam.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Engin skömm að Skam-áhuganum

Norsku unglingaþættirnir Skam eru ekki bara fyrir unglinga og það sannar félagsskapurinn Fullorðnir aðdáendur Skam þar sem aldurslágmarkið er 25 ár. **Ása Baldursdóttir** formaður og **Dagbjört Hákonardóttir** varaformaður ráða þar ríkjum.

*Hvers vegna Skam-hópur fyrir fullorðna?* „Hugmyndin kom upp þegar ég fór í Skam-partí í Norræna húsinu sem var sérstaklega ætlað fullorðnum. Þar var alveg geggjuð stemning og okkur fannst alveg fáránlega fyndið að vera fullorðin í partíi og hafa brennandi áhuga á norskum unglingaþáttum. Svo fannst okkur vera mjög mikill húmor í því að búa til aðdáendahóp með aldurslágmarki sem við ákváðum að væri hæfilegt 25 ár. Við gerum okkur ekki grein fyrir því hvað við erum gömul þegar við erum ein en þegar alvöru unglingar eru með þá erum við stöðugt minnt á það!

Skam-þættirnir fjalla um unglingamenningu, en samfélagsmiðlar eru afar áberandi í þáttunum. En málið er að það eru ekki bara unglingar sem eru alveg á kafi í samfélagsmiðlum, heldur finnst mér allt lífið okkar sem erum miðaldra … ehemm, ég er 35 ára … fara fram á samfélagsmiðlum í dag. En unglingar og ungt fólk í dag eiga þá svolítið, sérstaklega á félagslegum forsendum, og því fannst okkur flott að eiga vettvang fyrir okkur sem eldri erum, án þess að deila honum með unglingum eða ungu fólki. Paródían er því: við elskum unglinga en þeir eru bannaðir í aðdáendahópnum!“ segir Ása Baldursdóttir, formaður og stofnandi Skam-hópsins.

*En hvað er svona frábært við Skam?* „Þarna eru á ferðinni sæmilega hversdagslegir krakkar sem kljást við hversdagsleg vandamál sem við fáum þó að upplifa á öllum aldursskeiðum. Hér er tekið á útskúfun, ástarsorg, einelti og ofbeldi. Við hættum ekki að standa frammi fyrir þess háttar vandamálum þegar fáum stúdentspróf. Þau ganga þvert á kyn og aldur, og eru líka til í háskólum, á vinnustöðum og elliheimilinu Grund.

**OKKUR FANNST ALVEG FÁRÁNLEGA FYNDIÐ AÐ VERA FULLORÐIN Í PARTÍI OG HAFA BRENNANDI ÁHUGA Á NORSKUM UNGLINGAÞÁTTUM.**

En þótt yfirbragð þáttarins sé kannski í grunninn hversdagslegt er hann „effortless cool“. Sérhver ullarhúfa er úthugsuð, sem og varalitir og maskaralaus augu. Umfram allt er þátturinn vel skrifaður, frábærlega leikinn og nýstárlegur í þeim skilningi að það er hægt að fylgjast með á mörgum vígstöðvum, svo sem á heimasíðu þáttarins þar sem allt gerist í rauntíma,“ svarar Dagbjört Hákonardóttir, varaformaður félagsskaparins.

*Hvernig byrjaði áhugi ykkar á Skam?* „Ég heyrði af þessum þáttum út undan mér og hafði sko engan áhuga á þessu í fyrstu! En svo horfði ég á fyrsta þáttinn og varð gjörsamlega heilluð. Þeir eru líka frábærlega vel skrifaðir. Og það er líka svo sjúklega hressandi að hafa stelpur í forgrunni. Það er alltof lítið af sögum stelpna eða kvenna í sjónvarpi eða kvikmyndum. Allir leikararnir túlka sínar persónur af svo mikilli innlifun og maður upplifir alls konar tilfinningar þegar maður „innsaumar sig“ inn í aðstæður unglinganna. Svo er tónlistin geggjuð!“ segir Ása. Dagbjört svarar því að hún eigi kúltíveraðar vinkonur sem hafi bent henni á þættina og hún og maður hennar dottið inn í þá í kjölfarið – hún þó með meira offorsi.

*Hópurinn heldur heljarinnar veislu í kringum lokaþátt fjórðu seríu þann 24. júní. Hvernig ætlið þið að halda upp á þetta?* „Norska Sendiráðið á Íslandi er alltaf til í að kynna norska menningu og stóð m.a. fyrir Skam-helgi í samstarfi við Norræna húsið. Þau eru svo yndisleg að þau ætla að gefa ýmsa vinninga í pöbb kvissið sem haldið verður af þessu tilefni. Aðalvinningurinn er tveir miðar í Skam-safari í Osló, þar sem farið er með leiðsögumanni á alla helstu tökustaði Skam. Ég er einna spenntust fyrir sérstökum varalit sem er hluti af vinningunum sem verða í boði, svokölluðum „Nooru varalit“ sem er alveg eins og hún Noora, sem er ein af aðalstelpunum í Skam, notar.

Partíið sjálft er skipulagt af sendiráðinu, Bíó Paradís og aðdáendahópnum en svo erum við í samstarfi við RÚV um að sýna lokaþáttinn í seríu 4 með enskum texta, en frítt er á sýninguna. Það kostar svo 1.000 krónur í partíið en þar kennir ýmissa grasa og við hvetjum fólk til þess að kynna sér dagskrána! Það er 25 ára aldurstakmark í partíið en það er svo fyndið að vera með sérstakan viðburð sem er bara ætlaður fullorðnum – það eru svo fá partí sem eru með aldurs-lágmark! Guð, hvað við hlökkum til!“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

CITROËN

# NJÓTTU STARFSINS. GÆÐIN HRÍFA.




**NEMO** VERÐ FRÁ:
**1.766.129** KR. ÁN VSK
2.190.000 KR. MEÐ VSK

**JUMPY** VERÐ FRÁ:
**2.701.613** KR. ÁN VSK
3.350.000 KR. MEÐ VSK

**BERLINGO** VERÐ FRÁ:
**2.048.387** KR. ÁN VSK
2.540.000 KR. MEÐ VSK

# NEMO, BERLINGO & JUMPY

**NÚTÍMALEG HÖNNUN • HAGKVÆMIR • SNAGGARALEGIR • RÚMGÓÐIR • SPARNEYTNIR**
**GOTT VERÐ • HLIÐARHURÐIR • ÖRYGGISGRINDUR • MISMUNANDI STÆRÐIR OG LENGDIR**

citroen.is

Citroën sendibílar eru framleiddir með gæði, hagkvæmni og áreiðanleika í huga. Mikil áhersla er lögð á sparneytni og fyrirtaks vinnuaðstöðu með góðu aðgengi. Þú getur stólað á fyrsta flokks gæði, öryggi og fyrirmyndarþjónustu Citroën sendibíla. Nemo er snaggaralegur sendibíll, lítill að utan en rúmgóður að innan með hliðarhurðum og fellanlegu skilrúmi til stækka rýmið og flytja lengri hluti. Berlingo er með þremur framsætum og kemur í tveimur lengdum, fjölnota sendbíll með ríflegu hleðslurými og góðri burðargetu. Jumpy er notendavænn og aðlagar sig að þínum þörfum, rýmið er allt að 6,6 m3 að rúmmáli og allt að 4 metrum að lengd með Moduwork búnaðinum. Til viðbótar getur hann dregið allt að 2,5 tonn. Hægt er að fá Citroën Jumpy í þremur mismunandi lengdum.

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Pálmars Ragnarssonar



# Dulbúið sælgæti

Varúð, þessi vara inniheldur mikið magn af viðbættum sykri."

Í kælum allra matvöruverslana landsins má finna mikið úrval af sælgæti dulbúnu sem matvöru. Það getur verið erfitt að átta sig á því hvað er hvað, flest er þetta hlið við hlið í keimlíkum umbúðum. Hér að ofan er því texti sem ætti að standa í stórum og áberandi stöfum framan á umbúðum þessara vara.

Í smáa letrinu gæti síðan staðið: „Í þessari vöru er óhóflega mikið magn af viðbættum sykri. Mikil neysla á þessari vöru eykur líkurnar á offitu, hjartasjúkdómum, sykursýki og fleiri lífsstílssjúkdómum. Þessi vara er ekki ætluð börnum."

Mér þykir það annars áhugavert. Af hverju er mynd af hoppandi barni framan á vöru ef hún er ekki ætluð börnum? Eða eru þessar vörur kannski ætlaðar börnum? Það þætti mér skrýtið miðað við það sem við vitum í dag.

Ef dulbúnu sælgætisframleiðendurna langar að vera alveg hreinskilnir gætu þeir jafnvel bætt við enn meiri texta á umbúðirnar: „Mikið magn viðbætts sykurs hefur engin jákvæð áhrif á líkama eða líf fólks til lengri tíma. Eina ástæða þess að við setjum næstum jafn mikinn sykur í þessa vöru og í gosdrykki er til að hún seljist betur."

En kannski er ég að misskilja. Kannski er varan bara sykruð svona mikið til að gleðja fólk en ekki til að selja meira. Það gleður nú börnin ansi mikið að fá daglega „mat" sem er jafn bragðgóður og bragðarefur. Þar til þau fá sykursýki seinna meir, úps.

Hvað fæ ég annars mikið pláss til að skrifa á umbúðirnar? Meira? Frábært:

„Við biðjum ykkur fyrirfram afsökunar á þeim áhrifum sem þessi matvara mun hafa á líkama og líf ykkar og barnanna ykkar."

Það er nóg af sykri í sælgæti og gosdrykkjum. Við þurfum ekki á því að halda að honum sé troðið í matvörurnar líka.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




*9.990.- á mánuði.
365.is | Sími 1817 365







ERGOMOTION E40+
Tvískipt hjónarúm 180x200sm með einfaldri og góðri fjarstýringu og Royal Corinna dýnum.
(Royal Corinna er hágæða millistift fimm svæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi og áföstum topp)
TILBOÐSVERÐ AÐEINS 24.746 kr. Á MÁNUÐI*
á meðan birgðir endast.
Vaxtalaust og fyrsta greiðsla í október 2017.
STAÐGREITT 282.217 kr.
rekkjan HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



# SIGRAÐU ÞIG

# 19. ÁGÚST 2017

Maraþon
42,2
km

Hálfmaraþon
21,1
km

Hlaup
10
km

Skemmtiskokk
3
km

Furðufatahlaup

## Sigraðu þig og vertu með

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka 2017 fer fram laugardaginn 19. ágúst. Skráning í hlaupið er hafin á **marathon.is**. Hægt er að velja um fimm vegalengdir, sem henta ólíkum aldri og getustigi. Skráðu þig og byrjaðu að hlaupa.

## Hlauptu með hjartanu

Á **hlaupastyrkur.is** getur þú skráð þig og safnað áheitum fyrir málefni sem þú velur að styrkja. Þar getur þú valið á milli margra góðra málefna og lagt þeim lið við að safna upphæðum sem skipta verulegu máli fyrir þá sem á þurfa að halda.

## Furðufatahlaup Georgs

Í ár verður furðufatahlaup fyrir yngstu kynslóðina. Þar skiptir hugmyndaauðgin og gleðin mestu máli — en vegalengdirnar minna. Georg verður að sjálfsögðu á svæðinu, í skrautlegu dulargervi!

REYKJAVÍKUR
MARAÞON
ÍSLANDSBANKA

Skráðu þig núna
**marathon.is**